

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 2000

Guðrún Sveinbjarnardóttir



4

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 2000

Guðrún Sveinbjarnardóttir



Ljósmynd á forsíðu / Photo on cover: Útskurður í tré / Carved object found during excavation
Ljósmynd / Photo: Ívar Brynjólfsson

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Guðrún Sveinbjarnardóttir
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Inngangur	5
1. Staða rannsóknar við árslok 1999	7
2. Rannsóknin 2000	9
Markmið	9
Aðferðir	10
Rannsóknarsvæði	11
Framgangur rannsóknarinnar	11
3. Rannsókn jarðganga	13
4. Rannsókn mannvirkja 10 og 11	15
5. Rannsókn á svæði IV,	18
6. Rannsókn á svæði IX	21
7. Rannsókn á svæði VIII	27
8. Helstu niðurstöður	28
9. Framtíðarrannsóknir	31
10. English summary	33
Heimildir / Bibliography	45
Viðauki 1 / Appendix 1: Tom McGovern et al.: Report to National Museum of Iceland of midden testing at Reykholt July 17-19th 2000	47
Viðauki 2 / Appendix 2: Ólafur Eggertsson: Viðargreining	55
Viðauki 3 / Appendix 3: Sigurður Sveinn Jónsson: Greining á sýni	56
Viðauki 4 / Appendix 4: Fundalisti / List of finds	57
Viðauki 5 / Appendix 5: Sýnalisti / List of samples	63
Viðauki 6 / Appendix 6: Ljósmyndalisti / List of photographs	65

Reykholt í Borgarfirði

Framvinduskýrsla 2000

Inngangur

Fornleifarannsókn á gamla bæjarstæðinu í Reykholti var fram haldið af miklum krafti sumarið 2000. Þetta var þriðja uppgraftarsumarið í þeirri lotu sem hófst árið 1998¹ en þá höfðu fornleifarannsóknir á staðnum legið niðri í 9 ár. Síðastliðið sumar fór hin mikla vinna, sem fólgin er í því að grafa í bæjarhól sem byggt hefur verið á um aldir og allt fram á síðustu tíma, að bera þann árangur að komið var niður á minjar frá miðöldum sem voru að mestu óskemmdar af seinni tíma umsvifum. Rannsóknin fékk góða kynningu í fjölmiðlum og vakti nokkra athygli. Sótt var um hærri styrk til rannsóknarinnar fyrir árið 2000, hann fékkst og með þessari auknu fjárveitingu var unnt að grafa lengur og hafa fleira starfsfólk en undanfarin tvö sumur. Uppbygging sú, sem hófst í Reykholti 1997, eftir að héraðsskólinn, sem þar hafði verið rekinn allt frá um 1930, var aflagður, er í fullum gangi. Stefnt er að því að gera staðinn að menningarsetri og áfangastað fyrir ferðamenn. Stórir liðir í þessari uppbyggingu eru miðaldasetrið Snorrastofa, sem hefur á stefnuskrá sinni að iðka miðaldarannsóknir í sem víðustum skilningi og Haraldur Noregskonungur opnaði formlega nú í sumar, og fornleifarannsókn sú sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir á staðnum.


Rannsóknin nú í sumar var beint framhald þeirra rannsókna sem frá var horfið í lok sumars 1999. Eins og í fyrra var hún gerð með sérstakri fjárveitingu til Þjóðminjasafnsins úr ríkissjóði, nema hvað töluvert hærri styrkur fékkst til hennar að þessu sinni eins og áður greinir. Alls unnu fimm Íslendingar við uppgröftinn í sumar. Það voru Guðrún Sveinbjarnardóttir stjórnandi

rannsóknarinnar og Guðmundur H. Jónsson aðstoðarstjórnandi allan tímann, Helgi Örn Pétursson, forvörslunemi við háskólann í Cardiff í Wales mestallan tímann, Margrét Guðjónsdóttir Þjóðfræðingur í rúman mánuð og Anna Lís Guðmundsdóttir, jarðfræðingur og starfsmaður á Árbæjarsafni í 2 vikur. Auk þeirra unnu við uppgröftinn Eavan O'Dochartaigh fornleifafræðingur frá Írlandi og Daniel Rhodes fornleifafræðingur frá Englandi allan tímann, Derek Watson dýrabeinafræðingur og doktorsnemi við University College London, Kristján Ahronson fornleifafræðingur og doktorsnemi við háskólann í Edinborg og Caroline Powell, fornleifafræðingur frá Englandi mestallan tímann, Philip I. Buckland skordýraleifafræðingur og doktorsnemi við háskólann í Umeå í Svíþjóð í rúman mánuð, og fornleifafræðinemarnir Aarto Palo-vaara og Florian Huber frá háskólanum í Umeå, Elisabeth Windmüller frá háskólanum í Árósum og Dyveke Larsen frá háskólanum í Kaupmannahöfn í 4 vikur hvert.

Auk ofangreinds fastaliðs heimsóttu eftirfarandi sérfræðingar og nemar uppgröftinn í nokkra daga hver:

Dýrabeinafræðingarnir dr. Tom McGovern við Hunter College í New York, dr. Sophia Perdikaris við Brooklyn College í New York og Clayton Tinsley við CUNY Northern Science and Education Centre í New York, unnu við uppgröftinn dagana 17.-19 júlí. Þau eru sérfræðingar í íslenskum ruslahaugum og komu til þess að rannsaka ruslahauginn í Reykholti sem kom í ljós óskemmdur vestan við skólahúsið þegar þar var grafinn skurður haustið 1999. Þau hafa skrifað sérstaka skýrslu um rannsóknir sínar sem er birt í þessari skýrslu sem viðauki 1. Um svipað leyti heimsótti Karen Milek, doktorsnemi við

¹ Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1999a.



Mynd 1: Staðsetning Reykholt
 Fig. 1: Location map for Reykholt

háskólann í Cambridge, uppgriftarsvæðið í nokkra daga. Hún er sérfræðingur í örformagerð (micromorphology) og kom til þess að kanna möguleika á slíkum rannsóknum á sýnum úr uppgreftinum. Hún tók sýni úr neðstu gólfögum í mannvirki 10 (sjá kafla 4), en með því að rannsaka þau á þennan hátt, er unnt að varpa ljósi á það hvernig gólfín hafa myndast, hvaða athafnir hafa farið fram í húsinu og hvernig aðstæðum hefur verið háttáð í því. Í lok uppgraftar voru tekin sýni til samskonar athugana úr þykku gólfagi norðar á uppgriftarsvæðinu (sjá kafla 5). Úr þessum sömu gólfögum mun Philip Buckland athuga skordýraleifar og Garðar Guðmundsson plöntufornleifafræðingur við Fornleifastofnun Íslands plöntuleifar, en prófessor Kevin Edwards við háskólann í Aberdeen mun sjá um greiningu á frjókornum úr súlusýni sem tekið var í mannvirki 10. Allar þessar rannsóknir munu leggja sitt af mörkum við túlkun þeirra mannvirkja sem þau eru úr. Í sumar var hleypt af stokkunum einu af þeim verkefnum, sem rædd voru á vinnufundi

síðastliðið sumar um þverfaglegt rannsóknarverkefni sem tengist fornleifarannsókninni². Tryggvi Már Ingvarsson, landafræðinemi við Háskóla Íslands vann að BS verkefni undir handleiðslu Guðrúnar Gísladóttur lektors í landafræði. Að því komu einnig Helgi Þorláksson prófessor í sagnfræði og Svavar Sigmundsson forstöðumaður Örnefnastofnunar, en öll þrjú tóku þátt í fyrrgreindum vinnufundi. Var verkefnið fólgið í því að afla gagna í mannvistarlegri landafræði og tengja það örnefnum og fornleifum, setja efnið inn í landfræðilegt upplýsingakerfi (GIS), færa örnefni inn á tölvutækar loftmyndir og skrá þau með nýjum hætti. Upprunalega var miðað við að kanna þær jarðir sem talið er að hafi myndað hinn upprunalega stað í Reykholti, eða Háf, Nyrðri-Reyki, Breiðabólstað, Reykholt og Hægindi. Þetta val breyttist lítið eitt af praktískum ástæðum og voru valdar jarðirnar Reykholt, Breiðabólstaður, Úlfsstaðir, Steindórsstaðir, Vilmundastaðir og Hægindi. Til verk-

2 Guðrún Sveinbjarnardóttir (ritstj.) 2000.

efnisins fengust styrkir úr Nýsköpunarsjóði námsmanna í 2 mánuði, frá Vegagerðinni vegna sérstakrar áherslu sem lögð var á að skrá leiðir á svæðinu, og Örnefnastofnun, en fornleifarannsóknin lagði til húsnæði í Reykholti fyrir Tryggva og handleiðslu við fornleifaskráninguna. Fornleifaskráning hafði þegar verið gerð af Fornleifastofnun Íslands í landi Reykhólts og Breiðabólstaðar, og mun Tryggvi fá aðgang að henni. Þess er vænst að niðurstöður úr verkefni Tryggva liggi fyrir sem prófritgerð í lok ársins. Ritgerðin nefnist „Leiðir tveggja alda í nágrenni Reykhólts í Borgarfirði“.

Tengt verkefni Tryggva er verkefni sem kanadískur mastersnemi, Courtney Cameron við háskólann í Edmonton er að vinna, en hún heimsotti uppgröftinn í viku í júlí. Tók hún sýni í túnunum á nokkrum stöðum í Reykholti og nágrenni sem hún hyggst efnagreina með það í huga að reyna að varpa ljósi á aðferðir í landbúnaði. Til samanburðar hefur hún sýni úr túninu við bæinn GUS í Vestribyggð í Grænlandi sem lá undir um einum og hálfum metra af sandi þegar uppgröftur hófst þar upp úr 1990. Talið er að bærinn hafi verið í byggð frá 11. til 15. aldar.

Dr. Andrew Dugmore, kennari við landafræðideild háskólans í Edinborg kom einnig í heimsókn ásamt samstarfsfólki sínu og tók sýni úr setlögum í vötnum nálægt Reykholti. Hefur hann hug á að tengjast þverfaglega rannsóknarverkefninu með því að kanna gjóskulög og gróðurfar í dalnum með aðstoð nemenda sinna, en hann hefur gert samskonar rannsóknir á suður- og norðurlandi. Samvinna milli hans og Guðrúnar Gísladóttur, þ.e. milli landafræðideilda Háskóla Íslands og Edinborgarháskóla, er í deiglu.

Eins og í fyrra naut rannsóknin aðstoðar ýmissa aðila. Menntamálaráðuneytið útvegaði húsnæði í Reykholti meðan á uppgrefti stóð, en Óli Jón Ólason og Steinunn Hansdóttir, sem reka Hótel Reykholt sáu okkur fyrir búnaði í það og voru boðin og búin að greiða götu rannsóknarinnar. Hótelið sá starfsmönnum uppgraftarins einnig fyrir kvöldmat. Séra Geir Waage veitti sem áður margvíslega aðstoð sem og Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu. Iðnaðarmenn þeir sem unnu við lokafrágang Snorrastofu og umhverfis lánuðu okkur ýmis verkfæri. Bjarni Guðráðsson, organisti, aðstoðaði við að flytja torf til að leggja yfir uppgröftinn. Árni Björnsson

las yfir íslenskan texta þessarar skýrslu. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Upplýsingar um uppgröftinn og þverfaglega rannsóknarverkefnið má nálgast af heimasíðu Þjóðminjasafnsins á www.natmus.is. Þaðan liggur slóð fyrir framvinduskýrslur síðastliðinna tveggja sumra en hún er natmus.is/deildir/skyrslur2.html fyrir árið 1998 og natmus.is/deildir/skyrslur3.html fyrir árið 1999.


Staða rannsókna við árslok 1999

Öll nálgun að uppgreftinum sumarið 1999 var mun auðveldari en sumarið áður og þær leifar sem nú voru grafnar upp reyndust vera mun heillegri en það sem ofar lá. Engar frekari mannvistarleifar fundust sunnan við bæjarstæðið undir smíðahúsinu sem hafði verið rífið í upphafi sumars. Aðaláherslan var því lögð á að rannsaka það svæði sem þegar hafði verið opnað á bæjarstæðinu sjálfu³.

Eins og vænta mátti kom nyrsti hluti jarðganganna sem liggja frá Snorralaug í átt að bæjarstæðinu í ljós syðst á því. Ofan á jarðgöngunum á þessum stað var syðsti hluti ræsisins sem var undir hellulögðum göngum gangabæjarins frá 17. - 19. öld. Jarðgöngin eru grafin niður í óhreyft, en sá niðurgröftur gengur upp í niðurgröft mannvirkis 10, sem liggur við endann á þeim til austurs. Mikið af grjóti lá ofan á nyrsta hluta jarðganganna. Virðist það hafa verið sett þar til uppfyllingar undir mannvirki sem hafa að öllum líkindum tilheyrt gangabænum frá 17. - 19. öld. Jarðgöngin, sem hafa norðvestlæga stefnu frá Snorralaug, sveigja allskarpt til austurs síðasta spölinn og enda við suðvesturhorn mannvirkis 10 sem hefur verið byggt ofan á þau. Í nyrsta hluta jarðganganna voru þrjár steintröppur komnar í ljós í lok sumarsins, en þá var enn ógrafið milli þeirra og þess hluta ganganna sem er sunnar og var grafinn upp á svæði III sumarið áður. A.m.k. tvö fyllingarlög fundust í göngunum, en það bendir til þess að það hafi tekið einhvern tíma fyrir þau að fyllast eftir að þau fóru úr notkun.

Tengslin milli mannvirkis 10 og mannvirkis 11, sem er í beinu framhaldi til austurs, voru enn óljós í lok sumars. Hugsanlegt þótti að þau hafi

³ Til glöggvunar á því sem nú verður lýst, sjá yfirlitsupprátt í Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1999.



Mynd 2: Yfirlitsteikning af Reykholti (úr Þorkell Grímsson og Guðmundur Ólafsson 1988, með viðbótum)
 Fig 2: Plan of the Reykholt site showing e.g. location of old farmsite (fornt bæjarstæði) and dug down passage-way (undirgangur) (from Þ. Grímsson & G. Ólafsson 1988, with additions).

á einhverju byggingarskeiði verið samtímis í notkun, en það var þó ekki víst. Ljóst var hins vegar að mannvirki 11, sem hefur fleiri en eitt byggingarskeið, var á einhverju þeirra eldra en mannvirki 10 eins og það leit út í lok sumars. Timburleifar, sem hafa verið túlkaðar sem leifar eftir þil, fundust í báðum mannvirkjum. Hins vegar fundust stoðarholur einungis í mannvirki 10. Austurendi mannvirkis 11, sem var fullt af móösku og hafði augljóslega verið notað fyrir rusl eftir að hætt var að nota húsið, var enn óljós og gólfög í báðum mannvirkjum biðu frekari rannsóknar.

Tengsl þessara mannvirkja við mannvirki 12, sem er norðar á svæðinu, voru óljós. Einnig var óljóst hvort stöplarnir, sem byggðir höfðu verið með eins metra millibili norðan í vegghleðslu mannvirkis 12, voru innaní eða utan byggingar. Þessir stöplar, sem ná hátt í 1 m í norður frá veggnum, eru 50 - 60 cm háir, gerðir úr hverasteini og ofan á tveimur þeirra hvíla hellur úr hverasteini, sem eru hátt í 1 m í þvermál. Í vestari hellunni er manngert gat, sem eitthvað hefur hvílt í. Þessi veggur á sér enga hliðstæðu í íslenskri byggingarsögu, eins og hún er þekkt í dag. Hellur norðan við vegginn, sem virðast vera gólfhellur, benda frekar til þess að stöplarnir séu innan byggingar. Timburleifar, sem þarna fundust og gætu verið leifar eftir þil, styrkja þá túlkun nokkuð, en þetta mun væntanlega skýrast þegar uppgriftarsvæðið verður stækkað til norðurs. Við þá stækkun má einnig vænta þess að unnt verði að varpa ljósi á notkun steina með hverahrúðri sem fundust norðan við vegginn, en ekki langt frá þessum stað fannst um 44 cm langur hverasteinn sem hafði lögum rennu þegar fjós og hlaða voru byggð hér í kringum 1930⁴. Í safnauskraá Þjóðminjasafnsins er talið að hveragufa eða hiti hafi verið leidd eftir rennunni. Ekki er ólíklegt að eitthvert samband sé á milli þessara tveggja funda. Við stækkun svæðisins til norðurs og austurs er einnig vonast til þess að skýra megi byggingu sem var að byrja að koma í ljós í norðausturhorni uppgriftarsvæðisins í lok sumars.

Ekki tókst að varpa frekara ljósi á legu meints torfveggjar með landnámsgjóskunni, sem svo var túlkaður árið 1987, þegar hann kom fram í sniði A-B rétt vestan við uppgriftarsvæðið. U.þ.b. 4 m af sniðinu voru opnaðir nálægt vest-


urenda þess og var það víkkað til beggja hliða svo svæðið varð um 3 m á breidd. Var það nefnt svæði VII. Jarðlög voru mjög röskuð á þessum stað, en þarna stóð síðasti bærinn í Reykholti þar til hann var rifinn stuttu eftir 1930. Hins vegar var sú sögn, að leifar af ruslahaugi bæjarins, sem var þar sem gamla skólahúsið stendur núna, væri enn að finna vestan við húsið, staðfest þegar hitaveituskurður var grafinn á þeim stað. Skurðurinn var 1,2 m djúpur og fundust leifar ruslahaugisins niður á botn hans, en hann er líklega mun dýpri. Vel varðveitt dýrabein fundust í haugnum, og þótti það lofa góðu um þær upplýsingar sem vænta mátti úr honum um búskaparhætti í Reykholti gegnum tíðina.

Rannsóknin 2000

Markmið

Markmið þessa rannsóknaráfanga var í höfuðdráttum tvíþætt: 1. Að halda áfram uppgrefti á bæjarstæðinu þar sem frá var horfið sumarið 1999 og stækka uppgriftarsvæðið í beinu framhaldi af því til norðurs og austurs. 2. Að rannsaka ruslahaug bæjarins vestan við gamla skólahúsið, en þar komu leifar hans í ljós haustið 1999 eins og að ofan greinir. Helstu verkefni sem lágu fyrir á bæjarstæðinu voru þessi: að skýra frekar hvernig niðurgrofnu göngin, sem liggja frá Snorralaug, tengjast bæjarhúsunum, en ljóst var í fyrri, að mannvirki 10, sem þau ganga upp í, er byggt ofan á þau. Að skýra frekar innbyrðis tengsl mannvirkja 10 og 11, sem eru í beinu framhaldi hvert af öðru. Við lok uppgriftar 1999 virtist mannvirki 11, sem er austar, vera eldra. Að varpa frekara ljósi á mannvirki 12, sem fannst nyrst á uppgriftarsvæðinu. Um er að ræða sérkennilegt hleðslubrot með grjóthlöðnum stólpum utaní sem liggur í austur-vestur. Mögulegt er að þetta sé suðurlanghlið húss með þá stefnu. Úr því má skera með því að stækka svæðið til norðurs. Á þessu svæði fundust einnig steinar með hverahrúðri á sem benda til notkunar hverahita á þeim stað. Úr þessu má einnig skera með stækkun svæðisins. Austan við uppgriftarsvæðið stóðu fjós og hlaða fram yfir miðja 20. öld. Mannvistarleifar sáust hverfa undir steypant grunn þeirra. Fyrir liggur að brjóta upp hluta steinsteypunnar til að kanna hvað er varðveitt þarna undir.

4 Þjms. 10584. Sjá mynd 7 í Þorkell Grímsson 1960.



Mynd 3: Yfirlit yfir uppgriftarsvæðin.
 Fig. 3: A map showing the extent of the excavated areas.

Aðferðir

Sömu aðferðum var í meginatriðum beitt við rannsóknina og í fyrra. Grafið var eftir jarðlögum í einu plani eftir því sem unnt var, eftir hinni svonefndu Harris Matrix aðferð. Þessi aðferð á að stuðla að því að sem réttust mynd fái af innbyrðis- og heildarsamhengi mannvistarlaganna og mannvirkja og hentar einkar vel við gróft bæjarhóla þar sem jarðlagaskipan er flókin og mannvistarleifar brotakenndar. Einnig var stuðst við snið þar sem það þótti henta. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti: eining) var gefið númer og var byrjað á 445, eða þar sem

frá var horfið í fyrra. Stafirnir framman við númerin gefa til kynna hvers konar einingu um er að ræða. Sem fyrr er CS notað fyrir steina, CL fyrir lag, CC fyrir skurð, CF fyrir fyllingu í skurði. Hver eining er skráð á sérstakt eyðublað samkvæmt kerfi því sem notað er við Museum of London⁵. Í flestum tilvikum voru einingar teiknaðar og ljósmyndaðar. Öll jarðlög, mannvirki, fundir og sýni voru mæld samkvæmt hnitakerfi því sem lagt var yfir uppgriftarsvæðið við upphaf rannsóknarinnar.

⁵ Archaeological Site Manual 1994.

X-ásinn liggur til norðurs og hækkar í þá átt og Y-ásinn til austurs. Hnitakerfinu var skipt upp í 5 x 5 m reiti fyrir teikningar til þess að auðvelda samsetningu þeirra í úrvinnslunni. Hæð yfir sjó var mæld frá bolta sem skrúfaður er niður í stéttina við norðurhlið inngangs í Útgarða, suður-álmú nýju skólabyggingarinnar sem nú er hluti af Hótel Reykholti. Þessi punktur var einnig fastapunktur fyrir allar mælingar með alstöð. Tveir aðrir fastir punktar eru: X146.69, Y231.28, H35.71 (pt. nr. 661) sem er í stétt norðan við bílskúra sem nú eru notaðir sem geymslur og eru austan við uppgraftarsvæðið, og X206.57, Y178.75, H38.95 (pt. nr. 662) sem er í brún klóaks með steypum hlemmi rétt sunnan við hótelið. Vegna stækkunar uppgraftarsvæðisins þurfti að færa fastapunkt alstöðvarinnar inn í kirkjugarðinn. Var þar sett niður rör (pt. nr. 825) sem hefur hnitin X231.86, Y127.86, H42.07. Skekkja hefur komist inn í hnitakerfið, bæði lárétt og lóðrétt, sem eykst í norður og er mest 3-4 cm. Það nýmæli var tekið upp í sumar að starfsliðið hafði til ráðstöfunar stafræna myndavél. Voru flestar myndir teknar á hana og hafa þær verið brenndar inn á disk til geymslu. Að auki voru lit-skyggjur teknar á venjulega myndavél og svart-hvítar myndir úr ljósmyndaturni af öllu uppgraftarsvæðinu í lok uppgrafar.

Rannsóknarsvæði

Uppgraftarsvæðið var stækkað um u.þ.b. 10 m til norðurs og eru norðurmörk þess nú á u.þ.b. X225, Y121 og X226, Y137 (sjá mynd 3). Einnig voru brotnir upp um 2 x 2 m af steypum grunni fjóss og hlöðu sem stóðu við austurjaðar uppgraftarsvæðisins. Þessi síðarnefnda viðbót við uppgraftarsvæðið hefur ekki verið merkt inn á yfirlituppdráttinn sem er aftast í þessari skýrslu, en var á bilinu X208.26-X210.70 og náði, eins og fyrir segir, um 2 m til austurs.

Vestan við gömlu skólabygginguna var, við framkvæmdir á þessum stað í fyrrihaust, komið niður á óraskaðar leifar ruslahaugsbæjarins sem skólinn var á sínum tíma byggður ofan í. Þetta svæði hefur verið nefnt svæði VIII (sjá mynd 3). Skurður sá, sem þarna hafði verið grafinn fyrir hitaveituleiðslu um 2 m vestan við húsið, var opnaður undir stéttinni sem liggur að innganginum í húsið (sjá mynd 9) með það í huga að rannsaka ástand og aldur ruslahaugsgins. Vel varðveitt bein sem komu upp úr skurðinum í

fyrrihaust, gáfu vonir um að rannsókn haugsins gæti varpað ljósi á búskaparhætti í Reykholti gegnum tíðina. Var haugurinn rannsakaður á svæði sem var um 4,5 m langt og 0,75 m breitt.

Mest áhersla var í sumar lögð á að grafa áfram niður úr sjálfu bæjarstæðinu. Var uppgrafarliðinu skipt niður á nýja svæðið, sem opnað var í sumar og nefnt svæði IX, og gamla svæðið, sem samanstendur nú aðallega af svæðum IV og V (sjá mynd 3). Svæði IV og V hafa fram að þessu verið aðskilin af seinni tíma pípuskurði sem lá á ská yfir allt uppgraftarsvæðið⁶, og var svæði IV austan við skurðinn og svæði V vestan við hann og náði út að ræsi gangabæjarins frá 17.-19. öld. Nú er komið niður úr þessum pípuskurði og eru því engin sjáanleg skil á milli þessara svæða lengur. Mannvirki 10 og 11, sem í sumar urðu eitt mannvirki, falla að mestu innan svæðis V, og mannvirki 12 og eldri leifar austan þess falla að mestu innan svæðis IV.

Uppgrefti syðst á uppgraftarsvæðinu var að mestu lokið í sumar nema hvað enn á eftir að grafa upp úr jarðgöngunum á rúmlega 1 metra bili milli þess sem grafið var í sumar og sumarið 1998. Uppgröftur á svæði IX er ekki eins langt kominn og á svæðinu sunnan þess og ber því ekki að skoða yfirlituppdráttinn aftast í þessari skýrslu sem eina heild.

Framgangur rannsóknarinnar

Miðvikudaginn 31. maí fórum við Guðmundur H. Jónsson upp í Reykholt til þess að undirbúa uppgröft sumarsins. Þangað kom einnig Þorsteinn Guðmundsson með gröfu, en hann hafði verið ráðinn til þess að fletta ofan af svæðinu sem ákveðið hafði verið að bæta við til uppgrafar í sumar. Opnaði hann hátt í 10 metra svæði í norður frá því svæði sem þegar var opið og skóf um 50 cm ofan af því. Auk þess að undirbúa uppgraftarsvæðið var gengið frá húsnæðismálum og annarri aðstöðu fyrir uppgrafarliðið um sumarið.

Hinn eiginlegi uppgröftur hófst fyrir í sumar en undanfarin sumur eða mánudaginn 5. júní og stóð til 4. ágúst eða í níu vikur alls. Fyrstu vikuna unnu sex manns við uppgröftinn, ellefu næstu sjö vikur og níu síðustu vikuna. Byrjað var á að fjarlægja torf og jarðvegsdúk sem lögð höfðu verið yfir allt svæðið í lok rannsóknar síðasta

6 Sjá mynd 3 í Guðrún Sveinbjarnardóttir & Guðmundur H. Jónsson 1999b.

sumar. Var því lokið á fyrsta degi, en hluti af torfinu hafði þá þegar verið fjarlægður af unglíngi á staðnum, sem til þess var ráðinn. Styrktargrindur sem reistar höfðu verið við hæstu grjóthleðslur í jarðgöngum á svæði III og í mannvirki 11 virkuðu vel og stóðu hleðslur enn eftir veturinn á báðum stöðum. Á heildina litið kom uppgraftarsvæðið vel undan vetri.

Starfsliðinu var skipt u.þ.b. jafnt á nýopnaða svæðið, svæði IX, og gömlu svæðin, svæði IV og V frá því í fyrra. Fyrsta vikan fór í að hreinsa vel ofan af öllu uppgraftarsvæðinu. Ákveðið var að óhætt væri að taka meira ofan af svæði IX með vélarafli og fengum við til liðs við okkur litla gröfu ásamt traktor og vagni. Með henni var m.a. fjarlægð steinaröðin sem fyrst var komið niðurá og leit út fyrir að vera hluti af húsvegg en reyndist aðeins vera nokkrir stórir steinar í röð. Var farið niður á torflag sem þekur allt svæðið og er líklega byggingarefni úr húsum sem þarna hefur verið jafnað út. Fyrsta mánuðinn var aðaláherslan lögð á uppgröft á tveimur svæðum: annars vegar á svæði IX og hins vegar í mannvirkjum 10 og 11 sem svo voru nefnd í fyrra. Þeir tveir fornleifafræðingar sem báru ábyrgð á uppgræfti síðarnefndu mannvirkjanna í fyrra voru aftur með í ár og luku þeir við uppgröft þeirra beggja.

Síðara mánuðinn tók hluti af uppgræftarliðinu til við að halda áfram uppgræfti á svæði IV, þar sem frá var horfið í fyrra. Var byrjað á því að brjóta upp hluta af steiptum grunni fjóss og hlöðu, sem stóðu austan við uppgraftarsvæðið, til þess að kanna hvort einhverjar minjar væru enn varðveittar undir honum. Síðan var tekið til við að grafa upp allt svæði IV.

Eins og fyrr segir tókst að ljúka við rannsókn syðst á uppgraftarsvæðinu, fyrir utan hluta af jarðgöngunum sem enn eru ógráfin. Uppgræfti á svæði IV, sem er næst norðan við mannvirki 10/11, er ólokið og skemmst er komið með uppgröft á svæði IX. Þar náðist ekki að komast niður í þá hæð sem efsti hlutinn af hleðslu mannvirkis 12 er á. Er því ekki útséð um það hvort spegilmynd þessarar hleðslu sé að finna á svæði IX og þar með norðurhlíð húss sem hefur haft stefnuna austur - vestur.

Á svæði VIII var lítil grafa fengin til þess að hreinsa upp úr hitaveitulagnarskurðinum beint fyrir framan innganginn í skólann til að greiða götu bandarísku beinafræðinganna sem komu í

heimsókn upp úr miðjum júlímánuði til þess að rannsaka hluta ruslahaugsins, sem kom fram í skurðinum. Sama grafa var fengin til þess að fylla upp í skurðinn að rannsókn lokinni og áður en Noregskonungur heimsótti Reykholt undir lok júlímánaðar.

Veður var yfirleitt mjög gott til vinnu þann tíma sem uppgröfturinn stóð, og aðeins tveir dagar töpuðust af útivinnu vegna rigninga. Það voru nokkrir mjög vindasamir dagar, þegar mold- og sandrok úr uppgræftinum hamlaði vinnu, en þurrviðri einkenndi þetta sumar og þurfti reglulega að bleyta í uppgraftarsvæðinu af þeim sökum. Áhyggjur af því að veður yrði of kalt og blautt vegna þess hversu snemma var byrjað á uppgræftinum í sumar reyndust ástæðulausar. Í lok sumars var gengið frá á sama hátt og gert hafði verið í fyrra á þeim svæðum þar sem uppgræfti var ólokið. Var lagður niður jarðvegsdúkur og torf sett yfir ásamt steinum á stöku stað sem farg. Þar sem uppgræfti var lokið, þ.e. í mannvirki 10/ 11 og nyrsta hluta jarðganganna var hins vegar fyllt upp í með pokum af vikri, en það var gert til þess að styðja við hleðslurnar í þeim þar til ráðstafanir verða gerðar til þess að varðveita þær til frambúðar. Smíður, sem vann við lokafrágang Snorrastofu, var fenginn til þess að girða svæðið af fyrir veturinn.

Til stóð að hafa starfsmann alfarið í því að veita ferðamönnum sem komu í heimsókn í Reykholt upplýsingar um framgang uppgræftarins, en sú þjónusta hafði mælst mjög vel fyrir í fyrra. Því miður forfallaðist sá starfsmaður á síðustu stundu og voru ekki tók á því að finna staðgengil með svo stuttum fyrirvara. Ferðamannastráurinn í Reykholt var sem áður mikill og skiptust starfsmenn uppgræftarins á að sinna þeim ferðamönnum sem óskuðu eftir fræðslu um uppgröftinn. Það var hins vegar ljóst að þeir leiðsögumenn sem notið höfðu fræðslu upplýsingafulltrúans í fyrra og komu aftur með hópa í Reykholt í sumar bjuggu enn að því og björguðu sér að mestu sjálfir. Reynsla síðastliðins sumars sýnir að í framtíðinni er æskilegt að geta boðið þá þjónustu sem þá var veitt.

Upplýsingaspjöldin um fornleifarannsóknir á staðnum sem sett voru upp í fyrra í safnaðarheimili kirkjunnar eru þar enn ásamt myndbandi sem heimamaður tók af uppgræftinum í fyrra. Þar hefur einnig verið bætt við miklum upplýsingum um sögu staðarins og Snorra

Sturluson. Upplýsingaskilti þau sem upplýsingafulltrúinn útbjó í fyrra og sett voru upp við uppgraftarsvæðið við lok uppgrافتar voru hins vegar ekki endurnýjuð. Æskilegt er að svo verði gert og einnig að nýjum upplýsingum verði bætt við á upplýsingaspjöldin í safnaðarheimilinu. Tveir menn tóku myndir af uppgreftinum á myndband í sumar. Annar þeirra var sami heimamaðurinn og tók þær í fyrra, hinn var einn úr uppgrافتarliðinu.

3. Rannsókn jarðganga

Þegar rannsókn lauk sumarið 1999 voru stefna og útlínur jarðganganna, sem liggja frá Snorra-laug upp í bæjarstæðið, orðin ljós. Sá grunur, sem vaknað hafði við lok rannsóknar 1998, að þau sveigðu síðasta spölinn af norðvestlægru stefnu sinni til austurs, var staðfestur. Þar sem þau tengjast byggingum bæjarstæðisins á horni mannvirkis 10, er sveigjan til austurs mjög ákveðin. Ljóst var að vesturgafli mannvirkis 10 hafði verið hlaðinn ofan á göngin. Tvö fyllingar-lög fundust í göngunum. Það efra (CF412) var dökkt, flekkótt og leirkennt, það neðra (CF425) var móöskulag með dökku flekkjum í og var það aðalfyllingarlagið. Lá það ofan á vel gerðum steinþrepum (CS442), en í lok uppgrافتar 1999 höfðu þrjú slík þrep verið grafin upp. Á efsta þrepinu fannst birkgrein (SW43) sem var send til Beta Analytic rannsóknarstofunnar í Bandaríkjunum í aldursgreiningu. Áður hafði Jon Hather, sérfræðingur við Institute of Archaeology í London, greint viðinn sem birki. Í greiningu sinni tók hann sérstaklega fram, að vöxtur trésins hafi verið sérlega hægur, en það lýsir íslenskum aðstæðum einkar vel. Niðurstöður greiningar þessa sýnis voru sem hér segir:

RKH99-SW43 Lab. number: Beta-137997:
Conventional radiocarbon age: 870+/-60 BP
2 Sigma calibrated results: Cal AD 1025 - 1275
(95% probability) (Cal BP 925 - 675)⁷
(Variables: C13/C12=-28.7 o/oo)


Aldur trésins fellur hér á bilið frá 11. til 13. aldar, og ætti notkun ganganna samkvæmt því að vera eldri en það.

⁷ Öll sýnin sem fjallað er um í þessari skýrslu voru leiðrétt samkvæmt Stuiver et al. 1998.

Í sumar var haldið áfram að grafa upp úr göngunum. Gangaveggirnir (CS215) hafa ýst nokkuð inn í göngin, sérstaklega inn í sveigjuna nyrst í þeim og einnig rétt áður en þau koma út í sniðið sem er sunnar og var fyrst gert norðan við íþróttahúsið árið 1947 til þess að sýna Ólafi Noregskonungi hvar göngin koma inn á bæjarstæðið, þegar hann heimsótti Reykholt það ár. Þetta snið var opnað aftur þegar rannsókn hófst á bæjarstæðinu árið 1987.

Fleiri steinþrep komu í ljós í sumar (sjá yfirlitsuppdrátt). Fimm efstu þrepin eru ákaflega vel gerð. Á milli þeirra eru 17-22 cm. Hið efsta er gert úr hverasteinshellu. Þrepbrúnnin er mótuð slétt og hellan felld ofan í óhreyfðan jökulruðninginn. Hún fellur alveg að brún niðurgraftar mannvirkis 10 (sjá mynd 5). Austurveggur jarðganganna liggur áfram um 30-40 cm meðfram suðurvegg mannvirkis 10. Þetta bendir til þess að göngin og mannvirki 10 séu ekki samtíma. Vesturveggur ganganna endar hins vegar við vesturgafli mannvirkis 10 en gafllinn var, eins og áður segir, hlaðinn ofan á göngin. Það er því alveg ljóst að mannvirki 10 er yngra en göngin, a.m.k. eins og það var síðast. Hins vegar sjást engin merki um að göngin hafi legið annað en upp að niðurgrefti mannvirkis 10. Það eru t.d. engin merki um að þau hafi legið undir mannvirkið. Göngin gætu þess vegna upphaflega hafa tengst sama niðurgrefti og síðar tilheyrði mannvirki 10. Úr þessu verður þó því miður ekki skorið með neinni vissu.

Næstu þrjú þrep fyrir neðan efsta þrepið eru samsett úr tveimur þykkum steinum hvert sem hafa verið höggðir til og falla þétt saman. Fimmta þrepið er svipaðrar gerðar en gert úr einum stórum steini sem nær þvert yfir göngin. Sjötta þrepið, sem liggur 25 cm neðar, er óverulegra, gert úr tveim steinum. Það hefur hrunið fram og er jarðvegur milli þess og næsta þreps fyrir ofan. Sjöunda þrepið liggur 22 cm neðar, gert úr stuðlabergssteini, sem minnir á grjót úr fjallinu Baulu, og öðrum minni steini. Hér er einnig jarðvegur á milli þrepanna. Neðan við þetta þrep er allstórt bil með jarðvegi, en áttunda þrep er gert úr stuðlabergssteini og öðrum minni sem fellur þétt að honum. Níunda þrep er 17 cm neðar. Það er allbreitt, gert úr steinum með hrjúfu yfirborði. Tíunda þrep er gert úr stuðlabergssteini sem virðist ná þvert yfir göngin. Í botninn eru göngin um 80 cm breið.



Mynd 4: Yngra byggingarskeið mannvirkja 10 og 11.
Fig. 4: A later phase of structures 10 and 11.

Þegar hér var komið uppgrefti ganganna var aðeins rétt rúmlega metri eftir ógrafinn af þeim út í sniðið sem áður var nefnt og upphaflega var gert árið 1947, en sunnan þess sniðs var hluti af göngunum grafinn upp árið 1998. Á þessu rúmlega eins metra bili sem ógrafið er, eru göngin nokkuð hrunin saman. Uppgröfturinn var kominn niður á rúmlega 1.5 m dýpi og orðið hættulegt að athafna sig á þessum stað vegna þess hversu veggirnir höfðu skriðið fram og voru orðnir háir. Var það ráð tekið að hætta uppgrefti ganganna þar til ákveðið hefur verið hvernig þessar minjar verða varðveittar.

Neðra fyllingarlagið (CF425) sem grafið var upp nyrst í göngunum í fyrra, fyllti göngin allt niður á neðstu þrepinu. Nokkuð magn af þessu fyllingarlagi, sem var blandað móösku, torfi og svörtum, sandkenndum flekkjum, var sigtað. Fannst ekkert í því nema brot úr hverasteini (geyserite) og smáar, vatnsnúnar steinvölur. Undir því var

dökkt, torfblandað lag og síðan þunnt moldarlag sem lá ofan á steinþrepunum. Dökka torfblandaða lagið gæti hafa tilheyrt þakbúnaði ganganna. Tvö viðarsýni voru tekin úr uppfyllingarlaginu, sem bæði lágu á fjórða þrepinu í göngunum, annars vegar grein (SW16), hins vegar kolaður viður (SC15). Kolaði viðurinn var viðargreindur sem víðir (*Salix sp.*, sjá viðauka 2) og sýnið sent í aldursgreiningu til Beta Analytic rannsóknarstofunnar í Bandaríkjunum. Niðurstöður greiningarinnar voru sem hér segir:

RKH00-SC15 Lab. number: Beta-147802:
Conventional radiocarbon age: 650 +/- 40 BP
2 Sigma calibrated results: Cal AD 1290 - 1410
(95% probability) (Cal BP 660 - 540)
(Variables: C13/C12=-26.4 o/oo)

Aldur viðarins fellur á bilið 13. til 15. öld og er sú niðurstaða mun lægri aldur en fékkst á sýni

SW43 sem tekið var úr göngunum í fyrri. Þessi aldur fellur betur að hugmyndum um það að göngin séu frá tímum Snorra, en samkvæmt aldursgreiningu gætu þau að hafa verið í notkun á 13. öld.

Eini fundurinn, sem hingað til hefur fundist í fyllingu ganganna, eru vaðmálsþjötur (FF187) sem lágu um 40 cm fyrir ofan botn ganganna eins og hann var í lok sumars. Eru þetta tvær allstórar þjötur, líklega báðar úr sömu flíkinni. Á þeim er kantur sem brotið hefur verið inn af og saumað.

Prepin í göngunum eru nokkuð brött en hæðarmunur milli efsta þreps og þess tíunda sem grafið var upp í sumar er 1.78 metrar, og munurinn á milli efsta þreps og botns ganganna eins og þau voru grafinn upp á svæði III árið 1998 er 2.12 metrar. Eins og fyrr segir á eftir að grafa upp rúmlega metra af göngunum til þess að tengja uppgrefti frá 1998 og 2000. Hæðarmunurinn þar á milli gæti bent til þess að þar sé að finna 1 - 2 þrep í viðbót.

Að uppgrefti loknum voru göngin fyllt með vikurpokum sem vonast er til að haldi þeim í horfi og komi í veg fyrir að þau hrynji. Þegar uppgrefti á staðnum er endanlega lokið verður síðan tekin ákvörðun um það hvernig gengið verður frá þessum minjum og þau gerð aðgengi- leg fyrir þá sem heimsækja staðinn.

4. Rannsókn mannvirkja 10 og 11

Nú í sumar var lokið við að grafa upp mannvirki þau sem hingað til hafa verið nefnd mannvirki 10 og 11, og liggja við endann á jarðgöngunum frá Snorralaus. Þá var gengið úr skugga um tengslin á milli þessara mannvirkja, en þau voru óljós í lok uppgraftar í fyrri. Í fyrri var tekið sýni af koluðum viði (SC25) úr jarðlagi (CL401) í mannvirki 10 sem talið var vera gólflag og var það sent til Beta Analytic rannsóknarstofunnar í Bandaríkjunum til aldursgreiningar. Áður hafði Jon Hather, sérfræðingur við Institute of Archaeology í London, greint viðinn sem birki. Í greiningu sinni benti hann, eins og áður á að vöxtur trésins hafði verið sérlega hægur. Niðurstöður af greiningum þessa sýnis voru sem hér segir:

RKH99-SC25 Lab. number: Beta-137995:
Conventional radiocarbon age: 320±60 BP
2 Sigma calibrated results: Cal AD 1445 - 1665
(95% probability) (Cal BP 505 - 285)
(Variables: C13/C12=-26.3 o/oo)

Niðurstaðan, sem draga má af þessari aldursgreiningu, er sú, að gólfið, sem sýnið var tekið úr og lá ofarlega í húsinu, hafi getað verið í notkun einhvern tíma á bilinu frá 15. til 17. aldar. Passar það vel inn í aðrar aldursgreiningar mannvirkja á svæðinu, en gangabærinn, sem lá ofan á mannvirki 10, hefur verið tímasettur til 17.-19. aldar og jarðgöngin, sem liggja frá Snorralaus og sýnt hefur verið fram á að liggja undir mannvirki 10, hafa væntanlega verið í notkun einhvern tíma fyrir 13. - 15. öld.

Annað kolað viðarsýni (SC37) var tekið úr gráu leirlagi (CL403), sem var á milli timburleifa (CL420), sem túlkaðar voru sem innra timburpil, og grjóttveggjarins (CS379) í suðurhlíð hússins og sent til aldursgreiningar. Viðurinn í þessu sýni var greindur sem birki sem hafði vaxið hægt og niðurstöður aldursgreiningarinnar voru sem hér segir:

RKH99-SC37 Laboratory number: Beta-137996:
Conventional radiocarbon age: 4870±90 BP
2 Sigma calibrated results: Cal BC 3915 - 3880
(Cal BP 5865 - 5830) and
(95% probability) Cal BC 3800 - 3505
(cal BP 5750 - 5455) and
(Variables: C13/C12=-28.3 o/oo) Cal BC 3430 - 3385
(Cal BP 5380 - 5335)

Augljóst er af þessum niðurstöðum að þær passa engan veginn við aðrar vísbendingar um aldur þessara mannvistarleifa. Samkvæmt aldursgreiningunni ættu mannvistarleifarnar að vera 5-6000 ára gamlar. Líklegasta skýringin á þessum háa aldri er sú að viðurinn hafi varðveist í mó áður en hann var brenndur. Áhrif slíkra varðveisluskilyrða er vel þekkt vandamál og minna þessar niðurstöður á þann fyrirvara sem hafa þarf þegar geislakolsaldursgreiningar eru annars vegar.

Lokið var við að grafa upp mannvirki 10 og 11 nú í sumar. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sem hér segir:

Það er ljóst af jarðlögum og skipan þeirra í báðum mannvirkjum, að þau mynda ekki eina heild. Hlutarnir tveir virðast því hafa haft mismunandi notkun og að því er virðist einnig á mismunandi tímum. Hins vegar virðist a.m.k. suðurveggur beggja mannvirkja mynda eina heild sem gefur til kynna að upprunalega hafi húsið verið ein heild, um 10 m langt og 2.5-3.5 m breitt.

Á seinni skeiðum hússins hefur því verið skipt upp í þrjá hluta með allstórum grjóthlöðnum ferningum sem komið hefur verið fyrir á fjórum stöðum í húsinu, tveir og tveir saman hvor á móti öðrum við suður- og norðurvegg (sjá mynd 4). Eru þeir um 1.75 m á breidd og mynda eins og kampa (veggenda) inni í húsinu. Vestasti hluti hússins er stærstur, eða um 3 x 2.3 m að stærð að innanmáli. Í þessum hluta fundust í fyrra nokkur jarðlög sem túlkuð voru sem hugsanleg gólfög (CL401, CL419) og fjórar litlar stoðarholur (CC409, 418, 399, 405) sem í voru viðarleifar. Í sumar var komið niður á botn þriggja þeirra (418, 399, 405) þar sem þær mynda holur ofan í jökulruðninginn sem húsið er grafið niður í. Fleiri hugsanleg gólfög fundust í þessum hluta hússins í sumar, en ekkert þeirra náði yfir allan gólfhlötinn. Voru tekin sýni úr neðstu lögunum til að skoða plöntu- og skordýraleifar (SI10), frjókorn (SP55) og örformagerð (micromorphology) jarðlaganna (SM53-5). Nokkuð magn af beinum fannst í þessum lögum, m.a. svo til heil hauskúpa af kind. Er hugsanlegt að kindaskrokkur hafi fengið að rotna inni í húsinu. Einnig fundust í húsinu viðarleifar (CL452) sem gætu hugsanlega verið úr þaki hússins, eða gólfi efri hæðar ef um slíkt er að ræða (sjá umræðu um þetta atriði hér á eftir).

Sýni af koluðum viði (SC18) var tekið úr sama gráa leirlaginu (CL403) og RKH99-SC37 var aldursgreint úr í fyrra (sjá hér að ofan). Var það við suðurvegg hússins en neðar. Viðurinn í þessu sýni var greindur sem birki og niðurstöður aldursgreiningarinnar voru sem hér segir:

RKH00-SC18 Laboratory number: Beta-147803:
 Conventional radiocarbon age: 320 +/- 70 BP
 2 Sigma calibrated results: Cal AD 1440 - 1670
 (Cal BP 510 - 280) and
 (95% probability) Cal AD 1770 - 1800
 (Cal BP 180 - 150) and
 (Variables: C13/C12=-27.9 o/oo) Cal AD 1940 - 1950
 (Cal BP 10 - 0)

Þessar niðurstöður, sem gefa mjög víðan og lægri aldur en kom úr sýni RKH99-SC25, sem var þó tekið úr jarðlögum mun ofar í húsinu, benda til þess að sýnið hafi orðið fyrir einhverri mengun. Öll jarðlagaskipan í húsinu þarfnast nánari athugunar í þessu ljósi.

Fyllingarlög hússins austan við vestara kampaárið eru allt önnur en í vestasta hlutanum. Eru

það mest móöskulög en enga móösku er að finna í vesturendanum. Móöskulög (CL430 og CL441) liggja undir austara kampaárinu og ná undir austurhlið grjóthleðslu vestara kampaársins. Þar eru skil og tekur við torflag sem nær upp undir vesturhlið grjóthleðslu kampsins. Þetta sést vel á sniðteikningu sem gerð var þvert í gegnum SV kampa, en þar sést ljóslega að aðeins austurhluti hússins hefur verið fylltur af móösku áður en kampaárið voru settir inn í það og að þessir tveir hlutar hússins hafa að öllum líkindum gegnt mismunandi hlutverki. Merki um þetta koma einnig að nokkru leyti fram í veggja-gerð hússins, en í vestasta hlutanum gengur norðurveggurinn inn í húsið þannig að það mjókkar nokkuð (sjá mynd 5). Virðist vesturhlutinn hafa verið í notkun lengur en austurhlutinn.

Þegar komið er niður úr fyllingarlögunum tekur við náttúrlegur jökulruðningur. Ofan á honum var leirkernt, ljóst efni (CL432) sem þakti allt yfirborð innan í húsinu. Líktist það helst hveraútfellingu. Prófessor Sigurður Steinþórsson jarðfræðingur heimsótti uppgröftinn undir lok sumars og skoðaði m.a. þessa meintu hveraútfellingu. Taldi hann líklegt að um hveraútfellingu væri að ræða og að hún stafaði af hveravirkni á svæðinu og þóttist því til stuðnings m.a. sjá æðar eftir slíkt í botni hússins. Hann taldi ólíklegt að hveraútfellingin hefði getað myndast við það að gufu væri veitt inn í húsið, enda fundust engin merki um að slíkt hefði verið gert, eins og t.d. leiðsla. Hverahrúður sást á nokkrum steinum í veggheðslunni. Taldi Sigurður líklegast að þeir hefðu legið þar sem hveravirkni var, áður en þeir voru notaðir í hleðsluna. Sýni var tekið af þessu leirkernda efni (SU37) og sent til Kristjáns Sæmundssonar sérfræðings á Orkustofnun til greiningar. Hann fékk aftur Sigurð Svein Jónsson á sömu stofnun til þess að efnagreina það. Niðurstöður greiningarinnar er að finna í viðauka 2, en þær eru í stuttu máli þær, 'að ekkert styður það að sýnið sé myndað eða hafi orðið fyrir áhrifum jarðhita, heldur er frekar um mold eða leirríkan, ummyndaðan lausan jarðveg að ræða'.

Í samtali við Sigurð Svein kom fram að hann teldi mögulegt að hveravatn eða gufa hafi leikið um á þeim stað þar sem sýnið var tekið. Hins vegar taldi hann ólíklegt að hveravirkni hefði verið á þeim stað sem húsið stendur á, þar sem

Reykholtisdalurinn væri ekki svæði þar sem hveravirkni flytti sig úr stað. Ljóst er að þetta þarf að rannsaka nánar, en álit þessara tveggja sérfræðinga stangast mjög á. Notkun heita vatnsins í Reykholti fyrr á öldum er eitt af rannsóknarefnum rannsóknarinnar í Reykholti.

Húsið er þannig gert að grafið var niður í óhreyft fyrir veggjunum, sem eru gerðir úr einfaldri hleðsluröð sem snýr inn í húsið, og fyllt upp í að utan með torfi og mold. Nær skurðurinn að meðaltali um 25 cm út fyrir grjóthleðsluna. Húsið er einnig niðurgrafið innaní. Í vestasta hlutanum (mannvirki 10) er botninn skálarlaga þannig að niðurgröfturinn er aflíðandi frá veggjabrúnum niður á botn. Dýptin er um 25 cm. Hleðslan í veggjunum er gerð úr einni hleðsluröð á parti, 2-3 á parti og 5 hleðsluröðum í austurgaflinum þar sem húsið er mest niðurgrafið.

Þar sem vestara kampakarið stóð, færast niðurgröfturinn inn í húsið og myndar við það rák eða rennu eftir því endilöngu og eins og upphækkaða bekki meðfram veggjum (sjá yfirlitsuppdrátt). Slíkur bekkur er einnig við austurgaflinn. Er niðurgröfturinn mjóstur við vestara kampakarið.

Eins og fyrr segir, er eini inngangurinn inn í húsið í suðausturhorni þess. Er hann inn um gang sem er um tveir metrar að lengd, gerður að stórum hluta úr stórum björgum og lagður smáum hellum. Austurkampur inngangsins markast mjög ákveðið af stórum hornsteini. Vesturkampurinn er óverulegri og nær að því er virðist styttra til suðurs. Sunnan við innganginn og í framhaldi af veggheðslum hans eru óverulegar leifar eftir veggheðslur sem gætu tilheyrt yngra byggingarskeiði. Leiðin að innganginum er grafin niður í stöllum.

Fundur: Engir munir fundust í þessum mannvirkjum sem nota má til þess að tímasetja þau með. Í vestari hlutanum fundust eftirfarandi munir:

1. Nokkrir járnklumpar (FI15, 31, 36) sem ekkert kennanlegt lag var á. Vegna legu þeirra í neðstu lögum hússins var ákveðið að láta taka af þeim röntgenmyndir. Því miður vörpuðu þær engu frekara ljósi á þessa muni. Helgi Örn Pétursson, forvörslunemi í Cardiff í Englandi, tók gripina með sér til athugunar sem hluta af námi sínu.
2. Bein (FB230, 231, 233, 234, 235, 237, 241, 249,

250). Þetta eru allt spendýrabein og sum mjög morkin. Vegna fjölda beina úr kind, m.a. stór hluti höfuðkúpu, er mögulegt að heill kindaskrokkur hafi fengið að rotna inni í húsinu.

Í austurhluta hússins fannst eftirfarandi:

1. Spendýrabein (FB18, 28, 39, 42, 48, 54, 75, 90).
2. Fiskbein (FB48, 55, 232).
3. Brýni úr fíngerðu flögubergi (FS86, mynd 12), sem er 5.8 x 1.2 x 0.7-0.75 cm að stærð.
4. Þrjú brot úr bökunarhellum (FS85, 108, 125) (sjá mynd 11). Tvö þeirra (85, 125) eru úr sömu hellunni: 11.25 x 9.35 x 0.8-0.95 og 8.25 x 5.1 x 0.85 cm að stærð, lengd beggja eins og þær passa saman er 18 cm. Þriðja brotið (108) er úr annarri hellu, 9 x 6.1 x 0.65 að stærð; e.t.v. er klofið af annarri hlið þessa brots. Bökunarhellur voru notaðar til þess að baka á brauð og voru algengar á miðöldum. Þær sem fundust í Reykholti eru gerðar úr flögóttu klébergi, mjög svipaðar brotum sem fundust, annars vegar í búrinu í Viðey⁸, hins vegar í Skálholti⁹. Líklegast er að þær hafi borist hingað frá Noregi¹⁰.

Viðarleifar fundust einnig í þessum hluta hússins. Eitt sýni (SW8) var viðargreint sem birki (*Betula* sp.) (sjá viðauka 2) og sent í aldursgreiningu til Beta Analytic í Bandaríkjunum. Niðurstöður þeirrar greiningar eru sem hér segir:

RKH00-SW8 Laboratory number: Beta-147804
Conventional radiocarbon age: 940 +/- 70 BP
2 Sigma calibrated results: Cal AD 980 - 1250
(95% probability) (Cal BP 970 - 700)
(Variables: C13/C12=-27.9 o/oo)

Samkvæmt þessu fellur aldur viðarins á bilið frá 10.-13. öld og ætti húsið að hafa verið í notkun fyrir þann tíma.

Aldur: Á þessu stigi er það helst afstaða mannvirkis 10/11 til annarra mannvistarleifa á svæðinu sem nota má til þess að ákvarða aldur þess. Jarðgöngin, sem liggja frá Snorralaus, gætu hafa verið í notkun á 13. öld, en þau liggja undir mannvirki 10/11. Yfir því var hins vegar

⁸ Margrét Hallgrímsdóttir 1989, mynd 72 og bls. 63.

⁹ Kristján Eldjárn o.fl. 1988, mynd 64 og bls. 102.

¹⁰ Birthe Weber 1984.



Mynd 5: Nyrsti hluti jarðganganna.

Fig 5: The northernmost end of the dug down passage-way.

gangabærinn frá 17. - 19. öld. Og nú er ljóst að mannvistarleifar á svæði IV, sem á þessu stigi eru tímasett til 10. eða 11. aldar, eru eldri en mannvirki 10/11 (sjá 6. kafla). Fyllingarlögin í mannvirki 10/11 þarfnast nánari athugunar í ljósi niðurstaðna geislakolsaldursgreininganna á viðarsýnum sem tekin voru úr þeim.

6. Rannsókn á svæði IV

Helstu leifar á þessu svæði er það sem í fyrra var nefnt mannvirki 12, en það var um 5.5 m langt veggjabrot (CS433), gert úr innri hleðsluröð sem er einföld að mestu leyti en þreföld á parti (sjá yfirlitsupphrátt). Skurður (CC604) var gerður fyrir hleðsluna og fyllt upp að henni með mól (CL605). Norðan í veggnum eru þrjár grjóthlaðnir stöplar með jöfnu 1 m millibili. Þeir eru að mestu gerðir úr hverasteini og um 60 cm háir. Austasti og miðstöpullinn eru svipaðir að gerð. Þeir ná um 1 m út frá veggnum í norður og ofan á þeim eru stórar hverasteinshellur, um 1 m í þvermál. Vestasti stöpullinn er mun minni um sig en hinir og í hleðslunni á milli hans og miðstöpsulsins eru þrjár hleðsluraðir í stað einnar á milli hinna.

Stóra hverasteinshellan ofan á miðstöplinum er brotin, m.a. um manngert gat sem er á henni miðri. Ofan á gatinu lá minni hverasteinn, en ljóst er að hann hefur lent þar síðar, og líklegt er að eitthvað hafi hvílt í gatinu. Upp að vegg-hleðslunni liggja hellur, sem líklega tilheyra gólfi þess mannvirkis sem veggurinn tilheyrir.

Austan við bálk, sem liggur í norður-suður alla leið inn í mannvirki 11, var uppgröftur ekki kominn jafn langt þegar hætt var í fyrra. Þar varð við upphaf uppgrafar í sumar fyrst fyrir móöskuhaugur (CL436) sem í fljótu bragði virtist hafa verið hent inn í tóft. Merki um torfveggi (CL437 og 435) beggja vegna haugsins sáust í sniði. Móöskulagið reyndist þó liggja undir torfvegg 435, en að því er virðist upp að torfvegg 437 sem er vestan við hauginn. Undir þessum torfvegg var blandað torf (CL594) og ofan á því lá hleðsluröð (CS593), sem liggur í norður-suður og hverfur inn í snið það sem skilur að svæði IV og nýja svæðið sem var opnað í sumar og er nefnt svæði IX. Hóla (CC590) hafði verið skorin ofan í blandaða torflagið (584). Hleðslan (593) virðist tilheyra mannvirki 12 sem svo var nefnt í fyrra



Mynd 6: Yfirlit yfir svæði IV, horft í vestur.
Fig. 6: An overview of area IV, looking west.

og gæti verið annaðhvort austurgafli þess eða e.t.v. skilveggur í því. Þetta skýrist væntanlega þegar grafið hefur verið niður úr svæði IX á þessum stað.

Sunnan við móöskuna hurfu tvær torftungur (CL438 og 439), sem báðar innihéldu landnámsgjóskuna og nú er tímasett til 871 \pm 2 ár¹¹, inn í bálkinn og komu fram vestan hans en þar var ekki unnt að greina á milli þeirra og verður þetta eitt torflag þar. Sömu megin við bálkinn var ferningslaga pyttur skorinn niður í torfið. Hann er um 1.5 x 0.9 m að stærð, fylltur mól (CF592). Þetta er ruslapyttur og í honum fundust eftirtaldir munir:

1. Tvö flögubergsbrýni (FS189 og 194), annað (194) 23.5 cm langt með djúpum skorum í öðrum endanum eftir brýningu.
2. Koparnagli (FK213)
3. Skaftkola úr sandsteini (FS214) (sjá mynd 11).
4. Járnagli (FI216)
5. Átta brot úr tréíláti (FW217), m.a. stafur

sem er um 14 cm langur og 10 cm breiður, brotinn um gat sem er um 2 cm í þvermál. Þetta er líklega stafur úr skjólu eða öðru íláti.

Austan við torftungurnar með landnámsgjóskunni (438 og 439) var annað torflag (544) og enn austar gólflag (CL565) sem í voru 14 pinna-holur. Þær voru flestar í hnapp sunnarlega á svæðinu, en mynduðu ekkert munstur sem hægt var að túlka. Skil gólfsins og torfsins voru frekar óljós. Má þó hugsa sér að torfið sé leifar veggs sem lá í norður-suður og hefur tilheyrt gólfinu. Að austanverðu er gólfið skorið af steiptum grunni fjóss og hlöðu sem þarna voru reist upp úr 1930. Sker sá grunnur m.a. sá (kerald) (CC564) sem í voru timburleifar. Tunnan sjálf hefur verið um 80 cm í þvermál. Hún var sett ofan í hringlaga holu sem var um 1 m í þvermál. Fyllt var upp að henni með fingerðri mól til einangrunar og varnar gegn því að viðurinn rotnaði. Undir þessum lögum austast á svæði IV voru nokkur móöskulög sem mátti aðgreina (CL569, 573). Undir þeim komu fram leifar byggingar sem ekki er enn ljóst hverja mynd á eftir að fá. Á

¹¹ Karl Grönvold o.fl. 1995.



Mynd 7: Útskorinn tréhlutur, FW177.

Fig. 7: Carved object of wood, FW177. Drawing: Eavan O'Dochartaigh.

Þessu stigi má segja eftirfarandi um þessar leifar: Nyrst á svæðinu eru gólfög (CL571 og 577). Efra laginu (571) hefur verið raskað. Í því fundust eftirfarandi munir:

1. Trjágrein með útskurði á (FW177) (sjá mynd 7). Um er að ræða kvist sem tveir sprotar greinast út frá. Virðist þetta vera náttúrulegt, en er lagað til og brotið er neðan af hlutnum. Eins og hann er núna er umfang hans um 8 x 8 cm. Á öðrum sprotanum er hnúður og skorið þvert af handan hans, hinn er beinn og er hola inn í hliðina sem bendir til þess að þetta hafi verið fest á eitthvað. Hlið greinarinnar með holunni hefur verið sniðin til eða sléttuð; sjást áhringirnir vel; á hinni hliðinni er börkur. Á kvistinum þar sem sprotarnir tveir mætast er útskurður: ávöl augu með samvöxnum augabrúnum. Annað augað er betur útfært en hitt. Einnhver frekari útskurður virðist vera neðan við en þar er brotið af. Bakhlið kvistsins hefur verið sléttuð. Hluturinn er klofinn í tvennt.

Signe Fuglesang, sérfræðingur í víkingaald-

arstílum, fékk senda mynd af hlutnum. Sagði hún að útskurðurinn hefði ekki stíleinkenni sem hægt væri að heimfæra á ákveðinn víkingaaldarstíl en taldi að það mætti tímasetja hann til 10. eða 11. aldar.

2. Leðuræmur (FL175) tvær, sem eru 9.5 og 6.5 cm langar.

3. Bein úr spendýri og fiski (FB245).

Undir gólfi 571 er óraskað gólfslag (577) fullt af lífrænum leifum. Það var ekki grafið upp í sumar en gerð var prufuhola í það við norðursnið svæðisins og tekin sýni, bæði til rannsókna á skordýra- og plöntuleifum (SI68-73, SI75) og til rannsókna á örformagerð (micromorphology) jarðlaganna (SM76-80). Reyndist lagið vera um 30 cm þykkt og fullt af lífrænum leifum. Í því fannst m.a. heil bláskel. Skorið (CC575) er fyrir gólfinu niður í óhreyft (CL580). Myndast þar ræma af óhreyfðu sem vísar í austur-vestur. Hún er breiðust austast eða um 1.6 m og mjókkar niður í um 50 cm vestast. Í henni voru 9 pinnaholur, flestar vestast á svæðinu. Þær mynda ekkert munstur sem unnt er að túlka hlutverk þeirra af.

Sunnan við ræmuna af óhreyfðu (CL580) er e.t.v. veggur sem liggur eins, í austur-vestur, en gæti hugsanlega sveigt til suðurs. Skorið er fyrir honum niður í óhreyft (CC583) og hann er fylltur með steinum (CS585) og torfi (CF584). Sunnan við þennan hugsanlega vegg er torflag (CL586). Skorið er fyrir því (CC587) niður í óhreyft (CL588). Á mörkum torflags og óhreyfðs eru nokkrar pinnaholur. Sunnar er grafið niður í óhreyft (CC406) fyrir mannvirki 10/11. Sá skurður gengur í gegnum CL582, sem er raskað, óhreyft lag, og þau lög sem liggja undir því. Meðal þessara laga er fyrrnefndur torf- og grjótveggur (CS585, CF584). Mannvirki 10/11 er því byggt ofan í mannvistarleifarnar á svæði IV og er af þeim sökum yngra en þær.

Ekki er enn orðið fullkomlega ljóst hvað um er að vera á svæði IV, en á þessu stigi má segja eftirfarandi:

Hleðslan með grjótstólpunum utan í (CS433), mannvirki 12, sem er nyrst á svæðinu, er líklega innri veggjabrún húss sem hverfur inn í norðurbrún svæðis IV. Grjóthleðsluröð (CS593), sem liggur hornrétt á hana, virðist tilheyra þessu sama mannvirki. Sami skurður er gerður fyrir báðar hleðslur. Þessi skurður er gerður ofan í sama lag og grafið er í fyrir niðurgrafna húsinu sunnar á uppgraftarsvæðinu (mannvirki 10/11). Þetta gæti bent til þess að mannvirki 12 og mannvirki 10/11 séu samtíma, en þetta þarfnast frekari athugunar.

Aðrar mannvistarleifar í austurhluta þessa hluta uppgraftarins eru hins vegar eldri. Þetta sést á því að grafið er fyrir mannvirki 10/11 í gegnum lög sem liggja yfir þeim leifum. Aldur mannvirkis 10/11 er enn nokkuð óljós, en á grundvelli jarðlagaskipanar (stratigraphy) mætti hugsa sér að það væri frá 13. eða 14. öld. Slík tímasetning félli vel að öðrum vísbendingum um aldur, en í gólflögum, sem eru eldri en mannvirki 10/11, fannst m.a. útskorinn tréhlutur sem á grundvelli stíls útskurðarins hefur verið tímasettur til 10. eða 11. aldar. Engin sýni af lífrænu efni, svo sem af viði eða koluðum viði, sem heppileg væru til geislakolsaldursgreiningar fundust í þessum mannvistarlögum, en vonast er til að slíkt efni finnist í sýnum þeim sem tekin voru úr gólflagi 577 (SI68-73 & 75), þegar þau verða sigtuð. Aldursgreining úr því gólflagi gæti varpað frekara ljósi á aldur mannvirkja á svæði IV.

Steyptur grunnur fjóss og hlöðu, sem stóðu rétt

austan við uppgraftarsvæðið langt fram á 20. öld, var brotinn upp á um 2 x 2 m svæði austan við norðausturhorn mannvirkis 11. Snið, sem tekið var þvert á grunninn árið 1998, sýndi, að mannvistarleifar lágu undir hann á þessum stað og var eitt af rannsóknarmarkmiðum þessa árs að kanna ástand þessara minja. Í ljós kom, að grunnur fyrir fjósi og hlöðu var ekki grafinn niður á óhreyft. Hins vegar leiddi rannsóknin á því svæði, sem opnað var, aðeins í ljós móöskulag sem er 2-11 cm á þykkt, og pytt, sem grafinn er niður í óhreyft, er um 40 cm í þvermál og fullur af kolum. Af þessari rannsókn er þó ljóst að enn kunna að leynast óskemmdar byggðaleifar undir fjósi og hlöðu sem áætlað er að nái um 15 m í austur frá uppgraftarsvæðinu.

6. Rannsókn á svæði IX

Eins og fyrr segir var grafa fengin til þess að stækka uppgraftarsvæðið um hátt í 10 m til norðurs áður en uppgröftur hófst sumarið 2000. Þetta nýja svæði var nefnt svæði IX. Farið var niður á u.þ.b. 50 cm dýpi með gröfunni en þá kom í ljós á norðurhluta svæðisins það sem virtist vera röð af steinum, m.a. hverasteinum, sem lágu u.þ.b. í austur-vestur. Jón Þórisson (f. 1920) kom fyrst í Reykholt árið 1931 og hefur búið þar síðan. Hann man ekki eftir neinum húsum á þessum stað. Hins vegar nefndi hann tvo torfkofa sem hann mundi eftir og voru sunnar á uppgraftarsvæðinu, eða vestan við fjós og hlöðu. Leifar þeirra voru að öllum líkindum grafnar upp í fyrra og hitteðfyrra. Í Örnefnaskrá segir, að lögð hafi verið gufuleiðsla í bæjarhúsin árið 1924. Hún mun, hins vegar, hafa legið alveg við norðurgافل hlöðunnar og var hin meinta hleðsluröð sem kom í ljós í sumar því of norðarlega til þess að geta verið leifar hennar. Þegar meira var grafið frá þessari meintu hleðsluröð varð ljóst, að þetta var ekki eiginleg hleðsluröð, heldur aðeins nokkrir stórir steinar í röð. Þessar leifar voru skráðar með ljósmyndun (stafrænar myndir 10-13) og síðan fjarlægðar með lítilli gröfu sem skóf 20-30 cm af svæðinu til viðbótar við það sem skafið hafði verið með stóru gröfunni. Eiginlegur uppgröftur hófst því þegar komið var á 70-80 cm dýpi frá yfirborði.

Efst var skráð blandað torflag (CL451) syðst á svæðinu, en það er að öllum líkindum leifar eftir mannvirki, sem hafa staðið þarna síðast og verið jafnað út. Í því fundust eftirfarandi munir: 3

leggibrot úr krítarpípum (FC2, 8 og 14), brot úr faience diskum (FC3), glerbrot (FC7), 3 hálfar steinsleggjur (FS16, 35, 23, mynd 12), hringlaga koparhlutur, 1.6 cm í þvermál (FI21), spendýrabæin (FB10, 19), jaspissteinn (FS20) og hrafninn (FS40).

Fyrsta heillega lagið sem kom í ljós lá að hluta undir blandaða torflöginu (451). Það þakti miðbik svæðis IX, var dökkt og þykkast á miðju svæðinu, fullt af kolum og móösku (CL448). Það lá að hluta yfir torfveggnum (446) nyrst á svæðinu (sjá hér að neðan) og náði langleiðina að suðurmörkum svæðis IX. Að vestan náði það upp að torfi (CL589) sem var líklega austurveggur ganga gangabæjarins, sem hefur verið tímasettur á bilið 17.-19. öld af munum sem fundust í gólfögum, að austan náði það upp að hleðsluröð (CS450) sem liggur í norður-suður. Þessi hleðsluröð skipti svæðinu í raun og veru í tvennt: austan við hana voru margvísleg torflög, vestan við mjög lífræn og dökk gólfög, og m.a. búið með öllum sáforunum, sem fjallað verður um hér á eftir.

Í gólfagi 448 fundust eftirfarandi munir. Hugsanlega flís úr tinnu (FS5), kljásteyn (FS9), 3 brot úr faience diskum (FC11, 66 og 91) og úr íláti (FC45), 4 brot úr flögubergsbrýnum (FS22, 25, 30, mynd 12 og FS24), hóffjöður (FI43), kertapípa úr járn (FI44), 3 koparhlutir (FI37, 46 og 53), 2 brot úr kóngum krítarpípa (FC47 og 62, mynd 12), brot úr rauðleirsdiski (FC51) og fati (FC68), jaspissteinn (FS52), brot úr Frechen könnu úr steinleir (FC57), brot úr tebolla úr postulíni (FC58), járnlykkja (FI64) og ógreinanlegt járnbrot (FI59), glerbrot úr flösku (FG60) og íláti (FG65), örsmá, græn glerperla (FG61), ullarflóki (FF63), vaðmál (FF67), band (FF70), brot úr hvítleirsdiski (FC89) og ógreinanlegt dýrabæin (FB13). Allt eru þetta svipaðir munir og fundust í efri gólfögum gangabæjarins. Erfitt er að tímasetja þá nákvæmlega en líklega eru þeir frá 18. eða 19. öld. Gólf 448 mun hafa verið í húsi sem tilheyrði gangabænum. Engar leifar fundust eftir norður- og suðurvegg þessa húss.

Eins og fyrr segir gekk gólf 448 upp að torfi (589) sem talið er tilheyra göngum gangabæjarins frá 17.-19. öld. Þessi göng liggja í norður-suður og hafa nú fundist á öllu uppgriftarsvæðinu, allt suður að skurði þeim sem gerður var 1947 í þeim tilgangi að sýna Ólafi Noregskonungi, sem þá var í heimsókn í Reykholti, hvar jarðgöngin frá

Snorrallaug liggja inn á bæjarstæðið. Þessi skurður hefur líklega skemmt syðsta hluta ganga gangabæjarins, en ólíklegt er að þau hafi gengið mikið lengra til suðurs. Þau eru nú orðin um 22 m löng. Innri brún veggja ganganna er grjóthlaðin (CS457) og virðist torfið hafa myndað ytri brún þeirra. Hér nyrst á svæðinu finnst aðeins austurveggur ganganna; vesturveggurinn gengur undir vesturbrún uppgriftarsvæðisins. Gangaveggurinn náði ekki alveg út í enda uppgriftarsvæðisins, heldur að X224.30, og hellur þær sem voru í göngunum náðu aðeins að X222.10. Hafa hellur og veggjasteinar líklega verið fjarlægð þarna nyrst á svæðinu, en þar voru jarðlög röskuð, m.a. vegna seinni tíma pípulagnar. Á X220.40 var sú syðri af tveimur tröppum í göngunum. Þær voru gerðar úr tveimur steinum hver. Gengu þær upp á gríðarlega stóra og þykka hellu, sem stakkt inn í vesturbakka uppgriftarsvæðisins. Við þessar tröppur hækkuðu göngin um 37 cm, en þeim hallar auk þess nokkuð til suðurs. Undir hellunum var mjög greinilegt og rammbyggelegt ræsi sunnar á uppgriftarsvæðinu (CS380), þar sem grafið var fyrir því niður í óhreyft (CC443). Nyrst var ræsið óverulegra og ekki grafið niður fyrir því.

Í og umhverfis göngin fundust eftirfarandi munir. Í torfveggnum fundust brot úr diskum úr hvítleir (FC92), steinsleggja (FS184) og 2 brotnir tréhælar (FW188 og 192). Í lagi undir hellum í göngum fannst krítarpípubrot (FC200), 2 brot úr glerflöskum (FG203 og 207, sem er e.t.v. úr ferhyrindri flösku). Í ræsi undir göngum fundust brot úr faience diskum (FC224), krítarpípu (FC225), glerflösku (FG226) og gólfllís (FC227).

Torfveggurinn nyrst á svæðinu, sem áður var nefndur (CL446) kom mjög fljótlega í ljós í norðausturhorni svæðisins. Hann liggur í austurvestur, meðfram norðurhlið uppgriftarsvæðisins, og nær langleiðina út í vesturenda þess, þar sem hann fjarar út. Jarðlögum þarna í horninu hafði verið raskað, en veggurinn virtist þó liggja undir göngunum. Sú túlkun er studd þeirri staðreynd, að gólf 448, sem virðist tilheyra gangabænum frá 17.-19. öld, og þar með göngunum, liggur að hluta yfir torfvegginn. Hins vegar lágu öll þau lög sem fundust undir gólfagi 448 og grafin voru á svæðinu í sumar, upp að þessum vegg. Veggurinn var gerður úr torfi eingöngu. Austast mátti greina þrjá stalla í honum, og var hann þar 1 m, 1.30 m og allt upp í rúmlega 2 m á



Mynd 8: Trétunna í CC530, svæði IX.
Fig. 8: Wooden barrel in CC530, area IX.

breidd í því útflatta ástandi sem hann var í þegar hann var grafinn upp. Hæð veggjarins núna var mest 35 cm.

Næsta heillega lagið á svæðinu var á því vestanverðu: dökkt, þykkt og lagskipt, fullt af kolum og móösku (CL517). Það náði upp að fyrrnefndum torfvegg (446) að norðan, að torfvegg með einstaka grjóti í (CL541) að sunnan og að grjóthleðslu (CS450) að austan. Mörk þess að vestan og afstaða til veggjar ganga gangabæjarins voru óljós. Svæðið sem þetta kolaborna lag þakti var 7 x 4 m að umfangi. Í því var mikið af litlum holum (CC471-516 og 528-529 ásamt fyllingum) og þrjú sáför (CC503, 530 og 536). Einhverjar af litlu holunum gætu verið stoðarholur; í sumum þeirra fundust viðarleifar (475, 479, 499), og í einni voru hellur upp á rönd með brúnum og í botni (513); en ekkert ákveðið munstur sást út úr legu þeirra og innbyrðis afstöðu, sem varpað gæti ljósi á tilgang þeirra. Holurnar voru misdjúpar, sumar mjög grunnar, en sú dýpsta var 23 cm. Í fyllingu (CF486) einnar þeirra, CC485, fundust tveir hálfir sleggjusteinar (FS78 og 79) og einn kljásteyinn (FS80). Í annarri, CC491, fundust

tveir kljásteyinar (FS81 og 82) og einn hálfur sleggjusteyinn (FS83). Þetta bendir frekar til þess að tilraun hafi verið gerð til þess að fylla upp í holurnar með þessum steinum.

Sáförin þrjú sem skera þetta gólflag voru vestast á svæðinu. CC503 var syðst, í vesturjaðri gólflagsins. Það var mest 70 cm í þvermál, dýpt mest 25 cm, fullt af grjóti en í því voru einnig viðarleifar. Í fyllingu (CF504) holunnar fundust eftirfarandi munir. 3 hálfar steinsleggjur (FS73, 109, 110), nokkuð magn af afklippum úr vaðmáli og ullarflóka (FF72, 76, 96, 97), þunnt, gárótt glerbrot, e.t.v. úr glasi (FG74), brot úr faience, e.t.v. könnu (FC106) og kvartssteinn (FS98). Allt er þetta rusl sem hefur lent ofan í holunni eftir að hún hætti að þjóna sínum upprunalega tilgangi. Líklegasta túlkun þessarar hringlaga holu er að í henni hafi staðið tunna sem í voru geymd matvæli.

Aðeins norðar, en á sama X ásnúnum, kom mun stærra sáfar (CC530) í ljós. Fljótlega varð ljóst að viður var varðveittur í brúnum þess (sjá mynd 8). Reyndust stafir tunnunnar, sem stóð í þessu sáfari vera varðveittir allt um kring, mest upp í



Mynd 9: Búr, svæði IX, séð í austur. Fremst eru sáfar 536 og 530.

Fig. 9: Dairy, looking east. Barrel cuts 536 and 530 are in the foreground.

57 cm hæð, en þvermál hennar innanvert var 1.28 x 1.33 m. Hún var ekki alveg hringlaga, en vesturhliðin virðist hafa ýst aðeins inn og einnig norðurhliðin þar sem stafirnir voru skemmdir. Tunnustafirnir voru þunnir, eða 1-1.5 cm á þykkt og misbreiðir, eða frá 6 upp í 13 cm. Þeir voru felldir saman en engin merki sáust um tunnugjarðir, hvorki innan né utaná. Norðurhluti tunnubotsins, sem var gerður úr fjöllum sem hafa verið felldar saman, var varðveittur, suðurhlutinn ekki. Ofan á honum lá allstór steinn. Tekin voru sýni úr botninum (SW32) og eitt þeirra sent til greiningar til Níelsar Óskarssonar á Norrænu eldfjallastöðinni. Mun hann með athugunum sínum m.a. freista þess að komast að því hvað var geymt í tunnunni. Undir botni tunnunar fannst spíta, 1.15 cm löng og 5-6 cm breið/þykk (FW162). Mjókkar hún í annan endann og á henni eru sjö göt, með óreglulegu millibili. Í tveimur þeirra voru trétappar, 2.28 x 0.10-0.12 cm að stærð. Það tókst að ná spítunni upp heilli og hún var send í förvörslu á förvörsludeild Þjóðminjasafnsins. Hún mun hafa lent ofan í sáfarinu áður en tunnan var sett

þar. Hlutverk hennar er enn órannsakað. Svipaðir hlutir fundust við uppgröft í Gamlebyen í Osló¹². Holan, sem grafin hafði verið fyrir tunnunni, var nokkuð stærri en tunnan sjálf, eða 1.44 x 1.56 m og var fyllt upp að henni með möl. Hefur mölin þjónað þeim tilgangi að verja viðinn gegn því að rotna. Eftir að hætt var að nota tunnuna fylltist hún af móösku. Þetta hefur tekið nokkurn tíma, en í fyllingunni er lagskipting öskunnar mjög greinileg eftir lit. Efst var sterkbleikt lag, síðan svart lag, svo bleikt lag, svo dökkbrúnt og svart lag, bleik linsa og neðst ljósbrúnt og grátt lag með kolabítum í.

Vestan við og alveg upp við CC530 var annað álíka stórt sáfar, CC536, sem lá að hálfu leyti undir gangavegg gangabæjarins; yfir vesturhellingi þess lá torflag og móöskulag (CL448) upp að því, yfir austurhellingi sáfarsins. Hefur þetta hvorutveggja myndast eftir að sáfarið var hætt að gegna því hlutverki. Það reyndist vera u.þ.b. 1.5 m í þvermál og um 50 cm djúpt, og var ólíkt CC530 að því leyti, að í því fundust engar leifar eftir tunnustafi en mikið grjót í botninum og svo sandur. Á þessari botnfyllingu, sem hefur líklega þjónað sem einangrun, hefur tunnan setið. Á botni sáfarsins voru einnig viðarleifar, e.t.v. úr tunnunni. Fyllt var upp að tunnunni með möl. Eftir að hætt var að nota hana og hún e.t.v. fjarlægð, fylltist sáfarið af blönduðum, lífrænum jarðvegi með móöskuflekkjum í (CL537). Efst í sáfarinu voru síðan 3-5 cm af gólflagi 517, sem sýnir að sárinn var kominn úr notkun áður en hætt var að nota húsið. Í fyllingunni fundust textílleifar (FF138, 151, 152) sem ekki hafa enn verið rannsakaðar.

Þegar búið var að moka burt mölinni sem lá utan með sáförum CC530 og 536, varð ljóst að grafin hafði verið ein stór hola fyrir þau bæði (sjá yfirlitsupprátt).

Lag 517, sem ofangreind sáfar voru skorin ofan í, var 5-10 cm þykkt. Í því fundust eftirfarandi munir. Af leirkerabrotum má nefna brot úr Frechen könnu (FC87), postulíni (88), fati (99) og diskum (103) úr faience, diskum (101) og þrífættum pottum (107, 116) úr rauðleir, og brot úr hvítleir (157); kljásteynar (FS94, 100, 104, 117), hálfir sleggjusteynar (FS113, 114, 141, 142), steinn með gati sem óvíst er til hvers var (FS115), flögubergsbrýni (FS137), brot úr gleri (FG102, 154),

12 T.d. G2281 og G25008.

textílar, m.a. vaðmál og ullarflóki (FF139, 140, 143, 145, 146, 147, 156, 161), spendýrabein (FB144, 155, 158), rafperla (FG160), jaspissteinn (FS167), tréhæll (FW159) sem er 8.9 x 2.1-3.1 x 1.7-2.2 cm að stærð.

Í gólflagi 517 voru miklar brunaleifar, bæði kol og móaska. Lagið var mjög blandað og samanstóð reyndar af fleiri en einu lagi. Vegna þessa hefur húsið verið túlkað, hugsanlega sem eldhús og búr á síðustu skeiðum þess, en áður var það búr. Sáirnir þrír, sem skera gólflagið, benda til þess, að í húsinu hafi verið geymdur matur og í neðri lögum í þessu húsi fundust mun fleiri sár. Undir gólflagi 517 var móöskulag (CL534), sem hafði svo til alveg sömu útbreiðslu og 517 og samanstóð, eins og það, af fleiri en einu lagi. Það náði upp að torfveggnum (446) að norðan, grjóthleðslunni (450) að austan, hugsanlegum torf- og grjótvegg (541) að sunnan, og vesturmörkin voru sem fyrr nokkuð óljós. Þegar farið var að grafa niður úr laginu, komu fljótt í ljós sáför í austurhluta hússins. Fyrst kom í ljós hringlaga far (CC532) nálægt suðausturhorninu. Það var um 1 m í þvermál og í því var frekar þunnt lag af móösku (CL533). Þar undir var grjót (CS540), sem fyllti það alveg og þar undir leirkennt, blandað lag (CF544). Í þessu grunna sáfari, sem í ljós kom að hafði verið sett ofan á annað mun stærra far (CC600), fundust spendýrabein (FB168, 174) og viðarleifar, m.a. stafur úr ílátí (FW173), 15 x 4 cm að stærð, með skoru þvert á við annan endann, sem botn ílátsins gæti hafa verið skorðaður í.

CC600 reyndist vera u.þ.b. 1.6 m í þvermál, þegar búið var að hreinsa möl upp úr því, og um 50 cm djúpt. Í botni og með hliðum var möl (CF601).

Beint norður af CC532 kom í ljós móöskuflekkur (CC549) sem brátt varð mjög greinilega aflangur að lögun (CC560) og skærrauður að lit. Þetta reyndist ekki vera sáfar en lá yfir hornum tveggja sáfara, CC600 og 606 (sjá yfirlitsupprátt og umfjöllun um þessa sái hér að neðan). Ekki var skorið úr um það hvað þessi aflanga hola var en í henni voru miklar brunaleifar.

Í miðju búrinu, við norðurvegginn, rétt austan við sáfar 530, komu fram ein sex sáför frá mismunandi tímum. Þetta var ljóst af því að sum förin skáru önnur.

Fyrst kom í ljós sáfar CC558. Það var tæplega 1 m í þvermál, grunnt, með grárri möl í botni, sem

var þakinn koluðu lagi, sem virðist hafa borist ofan í farið eftir að það hætti að vera sáfar. Þetta sáfar sker annað, CC559, sem hefur verið um 1.30 m í þvermál. Undir því og CC558 fundust leifar eftir enn eitt sáfar, CC578. Það er ljóst, að þessi sáför tilheyra a.m.k. þremur tímaskiðum. Vestan við 558 og næst austan við 530 var sáfar CC557 sem var 1.15 m í þvermál og um 50 cm djúpt. Það var fyllt dökkbrúnu/svörtu jarðlagi. Í botninum var þunnt lag, sem var mun skýrara, e.t.v. leifar eftir morknaðan tunnubotn, og svo sandur. Einnig voru örlítill merki um timbur í brúnum á parti og við austurbrún sáfarsins fundust þrjár viðarþynnur (FW150), sem gætu verið leifar af tunnunni, þó að þær séu of litlar til þess að hægt sé að skera úr um það með vissu. Í fyllingu sáfarsins fannst flögubergsbýni (FS165). Holan sem grafin hafði verið fyrir tunnunni var hins vegar um 1.5 m í þvermál og var fyllt upp að með möl allt um kring. Þetta sáfar skar minna far, CC568, sem hefur verið um 70 cm í þvermál. Minna en helmingur þess stóð út úr vesturhlið 557 (sjá yfirlitsupprátt). Í því fundust viðarleifar, CF570. Þetta far kom fyrst í ljós þegar búið var að fjarlægja mölina umhverfis 557.

Sunnan við þessi sáför, við suðurvegg búrs, kom fram stórt sáfar, CC602, sem var um 1.8 m í þvermál eftir að það hafði verið tæmt af möl sem umkringdi það. Og rétt áður en uppgrefti lauk kom enn eitt sáfar, CC606, í ljós í norðausturhorni búrsins. Það var um 1.4 m í þvermál og 25 cm djúpt og fyllt af dökkbrúnum og gráum leir með miklu af kolaflekkjum. Í fyllingunni fannst hringlaga járnhlutur (FI210), um 2.5 cm í þvermál og e.t.v. með lykkju út úr annarri hlið, sem gæti bent til þess að þetta sé hnappur. Hann var sendur ásamt öðrum munum í röntgenmyndatöku, en hún varpaði því miður ekki frekara ljósi á hvað þetta er. Helgi Örn Pétursson, forvörslunemi við háskólann í Cardiff, mun hreinsa hlutinn.

Lag 534, sem ofangreind sáför voru skorin niður í, var mjög misþykkt, eða allt frá 1-2 cm við sáförin við norðurvegginn upp í um 60 cm í norðausturhorni hússins. Í því fundust eftirfarandi munir. Band (FF122), textíll (FF133) og e.t.v. hár (FH123,124), hálf steinsleggja (FS126), brennt bein (FB131), 2 járnbot sem falla saman (FI134), lengd 5.2, breidd mest 2.1, mjókkar í endann þar sem það er líka flatt. Sáförin í þessu lagi eru öll í austurhluta hússins og hafa verið

komin úr notkun þegar sáförin í vesturhlutanum voru gerð. Sjá má a.m.k. þrjú tímasteið í þessum hluta búrsins: yngst eru sáför 558 og 532. Á næsta skeiði eru sáför 557 og 559 og elst eru 568, 578, 600, 602 og 606. Þó er mögulegt að eitthvert þeirra síðastnefndu tilheyri miðskeiðinu. Undir lagi 534 kom í ljós blandað torflag með mól í (CL574). Í því fannst meirihlutinn af snældusnúði úr sandsteini (FS185, mynd 11). Brotið er af öðrum megin og úr báðum hliðum, en sést þó að snúðurinn hefur verið sléttur á eina hliðina og þykkastur við brúnina, þvermál 4.3 cm, hæð 1.85 cm, þvermál gats 1.3 cm. Einnig fannst í þessu lagi jaspissteinn (FS186). Uppgrefti lauk sumarið 2000 þegar komið var niður í þetta lag.

Eins og fyrr segir skipti grjóthleðsla CS450, sem talin er vera austurgafli búrsins, svæði IX í tvo ólíka hluta. Vestan við hana voru hin ýmsu byggingarskeið búrsins, eða líklega a.m.k. fjögur skeið, og e.t.v. eldhús ofan á því. Öll þessi jarðlög einkenndust af móösku og kolaleifum, þ.e. miklum brunaleifum. Austan við hleðsluna voru hins vegar engar brunaleifar, heldur meira og minna samhangandi lag af blönduðu torfi (CL445). Þetta torf virtist ná upp að torfveggnum nyrst á svæðinu (446) og einnig að torflagi að vestanverðu (447) sem er líklega hluti austurgafls búrsins. Þegar komið var 40-50 cm niður úr lagi 445 kom grár, móöskulegt lag með járnútfellingu ofaná, sem virtist liggja undir CS450. Neðarlega í lagi 445 fannst lítið brot af snældusnúði úr sandsteini (FS209, mynd 11). Snúðurinn mjókkar út í brúnina frá báðum hliðum.


Sunnan við 445, syðst á svæði IX, var veggjabrot, sem gekk í vestur út úr austurbakka svæðisins og var um 4 m á lengd. Veggurinn var gerður úr ytri og innri grjóthleðslu (CS455) með torfi (CL454) á milli og var um 1.5 m á breidd. Undir honum, og á u.þ.b. sama svæði, var blandað torflag með móöskulinsu í (CL595), sem í fannst mikið af spendýrabeinum (FB222, 247), fiskbein (FB239) og hálf steinsleggja (FS193).

Undir hluta ruslalags 595 kom síðan í ljós mjög heilleg hellulögn, gerð úr smáum hellum (CS596). Hún var um 1 m að breidd og gekk rúmlega 4 m í vestur út úr austurbakka uppgraftarsvæðisins. Með norðurhlið hennar var hleðsluröð og þar fyrir norðan var torfveggur sem hefur tilheyrt veggnum. Þessi hellulögn lá norðan við veggjabrot CS455/ CL454. Við vesturenda hennar og til norðurs var það sem líktist

annarri hellulögn á litlu svæði, gerð úr smáum hverasteinshellum. Upp að, og að hluta ofan á vesturhlið þessarar 'hellulagnar' var grjót sem gæti tilheyrt eldra skeiði austurgafls búrs. Það lá um 70 cm vestar (sjá yfirlitsuppdrátt) en yngra skeið gafls búrsins (CS450) og virðist búið því hafa verið stækkað sem því nemur á síðasta skeiði hússins. Þessar leifar voru það brotakennar að ekki var unnt að segja neitt með vissu um hverju þær hafa tilheyrt.

Sama má segja um þær leifar sem komu í ljós syðst á svæði IX, sunnan suðurveggjar búrs (CL541). Þar voru margvísleg gólflög og brot af mannvirkjum sem erfitt er að túlka nokkuð nánar. Vestast var þykkt gólflag (CL579) sem kom fram í sniði norðurhliðar uppgraftarsvæðisins árið 1999. Þegar uppgrefti lauk nú í sumar kom fram hleðsluröð við austurenda þessa gólflags, sem liggur í norður-suður. Í þessu gólflagi fannst nokkuð magn af munum, m.a. eftirfarandi hlutir úr viði. Tréttappar: FW149, sem er um 7 cm langur, mjókkar jafnt út í endann, skorið þvert fyrir á hausinn sem er tæpir 2 cm í þvermál, og FW202 sem er 5 cm að lengd, flatur og tálgaður rétt í endann. Hjá þeim fannst ferhyrnt tréstykki, um 3.7 x 3.6 cm að stærð, með gati sem er um 1 cm í þvermál í miðjunni. 7 brot af oddmjóum spítum (FW197). Sú lengsta er sívöl, lengd 9.7 cm, brotið af endanum. Sú næststærsta er flöt, lengd 7.1 cm, brotið af endanum. Önnur flöt gæti tilheyrt sama, lengd 7.6 cm, breidd 0.7-0.9 cm. Einhvers kona áhöld, en þarfnast frekari athugunar. Áhald (FW198), líkist helst vefskeið¹³, og hæll (FW201). Einnig tvær litlar leðurræmur (FL181). Sú stærri, sem er heil í annan endann en rífið af hinum, er um 6.5 cm löng og um 2.3 cm á breidd; saumagöt eru meðfram báðum hliðum og fyrir heila, rúnnaða endann. Þetta hefur verið einhvers konar líning. Brot úr steini sem gæti hafa verið kvarnarsteinn (FS182), hálfir sleggjusteinar (FS190, 191), kljásteinar (FS204, 205) og spendýrabein (FB244). Engan þessara muna er hægt að tímasetja nákvæmlega. Munir úr lífrænum efnum eru í forvörslu og verða skoðaðir nánar þegar meðhöndlun er lokið.

13 Weber 1990, Fig. 15c.



Mynd 10: Snið í hitaveituskurði, svæði VIII.
Fig. 10: Section in the trench, area VIII.

7. Rannsókn á svæði VIII

Haustið 1999 þurfti að grafa skurð fyrir hitaveitulögn sunnan og vestan við gamla skólahúsið. Vitað er að húsið var byggt ofan í ruslahaug bæjarins og sú sögn fylgdi að rétt framan við innganginn væri haugurinn enn óraskaður. Þetta reyndist rétt. Skurðurinn, sem grafinn var í um 2 m fjarlægð frá húsveggnum, var þarna 1.2 m djúpur og náði ruslahaugurinn niður á botn syðst í honum, en nær líklega mun dýpra (sjá mynd 10). Nokkrir munir og vel varðveitt dýrabein fundust í honum, en það þótti lofa góðu um þær upplýsingar sem vænta mætti úr honum um búskaparhætti í Reykholti gegnum tíðina. Bandaríska beinafræðingnum dr. Tom McGovern, sem hefur kannað íslensk dýrabein, ekki síst úr ruslahaugum, síðastliðin 20 ár eða svo, var boðið að koma og kanna hauginn. Skurðurinn frá því í fyrrahaust var opnaður framan við innganginn og rannsakaður á um 4.5 m bili af dr. McGovern og samstarfsfólki hans, þeim dr. Sophiu Perdikaris og Clayton Tinsley. Haugurinn er lagskiptur og hefur myndast við það að rusli var hent niður brekku sunnan við

bæjarhúsin. Hafa lögin hlaðist upp smátt og smátt niður brekkuna. Sést vel í sniðinu sem gert var í fyrra (mynd 10) hvernig þetta hefur gerst og hvernig brekkubrúnin hefur fyrir bragðið smám saman færst sunnar. Haugurinn var grafinn eftir þessum lögum, eitt lag í einu, alls 16 lög sem merkt voru M1-16 (sjá viðauka 1). Hann var grafinn á þennan hátt niður á um 1 m dýpi og reynt að komast niður á óhreyft með því að grafa prufuholu niður á 2 m dýpi. Það tókst ekki og er enn eitthvað eftir niður á botn hans. Hann er í höfuðdráttum samansettur úr mó og móösku, en greina má milli laga vegna mismunandi litar móöskunnar. Þessu veldur án efa tegund mósins og hitastigið sem hann var brenndur við. Móaska hefur ekki verið rannsökuð sérstaklega á Íslandi til þessa, en dr Ian Simpson við háskólann í Stirling hyggst bæta úr því á næstunni og er það vel. Móaska er eitt af því algengasta sem finnst við uppgrefti á Íslandi, en mór hefur verið notaður til brennslu langt aftur í aldir.

Bein reyndust misvel varðveitt í haugnum og á heildina litið ekki eins vel og vonast hafði verið til. Meðal þeirra voru bein úr nautgripum,

sauðfé, e.t.v. geit og hestum. Að auki fundust bein úr þorski, ýsu, ufsa og eitt bein úr sel. Nokkuð fannst af munum í haugnum, m.a. brot úr gleri, brýnum, leirkerum, krítarpípum, jární, kopar og hálf kotra úr beini. Enginn þessara muna er gamall. Þau lög, sem grafin voru í sumar, tilheyra því síðari byggingaskeiðum bæjarins og er giskað á 17.-19. öld. Helst er von til þess að finna eldri lög haugsins þar sem brekkan, sem haugurinn myndaðist á, byrjaði upprunalega, eða á bilinu milli stéttarinnar sem liggur upp að innganginum í skólahúsið og styttunnar af Snorra Sturlusyni. Nánari umfjöllun um rannsókn ruslahaugsins er að finna í viðauka 1 í þessari skýrslu.

8. Helstu niðurstöður


Uppgrefti á syðsta hluta uppgraftarsvæðisins var lokið í sumar, fyrir utan rúmlega 1 m af niðurgröfnu jarðgöngunum, þar sem þau hafa fallið nokkuð saman, rétt áður en komið er suður á svæði III, sem grafið var 1998. Var ákveðið að bíða með frekari uppgröft þar þangað til ákvörðun hefur verið tekin um það, hvernig gengið verður frá göngunum eftir að rannsókn lýkur. Alls hafa nú fundist tíu þrep í göngunum. Fimm efstu þrepin eru vel gerð, þau fimm neðri lakari. Þrepin eru brött, en hæðarmismunur milli efsta og tíunda þreps er 1.78 m og er þá enn eftir 34 cm hæðarmunur niður á botn ganganna þar sem þau voru grafin upp á svæði III. Hæð á milli þrepa í göngunum er 17-22 cm. Má því gera ráð fyrir 1-2 þrepum í viðbót áður en komið er niður á botn. Engir munir hafa fundist í göngunum, sem unnt er að nota til tímasetningar, en sýni úr þeim af koluðum viði hafa verið send í geisla-kolsaldursgreiningu. Í fyrra var viðarsýni úr fyllingu ganganna sent í slíka aldursgreiningu og reyndist vera frá 11.-13. öld. Í ár var kolað viðarsýni sent í aldursgreiningu og reyndist vera frá 13.-15. öld.

Göngin liggja inn í suðvesturhorn mannvirkis 10, sem svo var nefnt í fyrra, en það og mannvirki 11, sem liggur í beinu framhaldi austan við, reyndust, eins og vísbendingar voru um í fyrra, upphaflega hafa verið eitt hús, u.þ.b. 9.5 m á lengd að innanmáli. Breiddin er óreglulegri. Vesturendinn, sá hluti sem bar heitið mannvirki 10 í fyrra, er 2.3 m á breidd, töluvert mjórri en austurendinn, sem er u.þ.b. 2.8 m. Vesturgafli og


vestasti hluti norður-langhliðar, sá hluti sem tilheyrði mannvirki 10, eru mun óverulegri hleðslur en aðrar í húsinu. Grafið hefur verið niður fyrir veggjum, og botn hússins er einnig niðurgrafinn um u.þ.b. 25 cm frá botni veggjanna. Austurgafllinn er mest niðurgrafinn en þar samanstendur vegghleðslan af 5-6 lögum. Inni í húsinu er rauf grafin eftir endilöngu í austurhluta hússins eða þangað sem mannvirki 10 byrjaði. Er hún 0.75-1.5 m á breidd. Við þetta myndast eins og upphækkaðir bekkir meðfram langhliðum og austurgafli, sem eru 0.5-1.25 m á breidd. Botn hússins og meintir bekkir eru mjög ósléttir. Aðgangur að innganginum, sem er um 2 m langur, hellulagður gangur í suðausturhorninu, er einnig niðurgrafinn. Ekkert gólflag var í austurhlutanum, sem var fullur af móösku. Í vestasta hlutanum (mannvirki 10) voru hins vegar slitrótt gólflög, en engin móaska. Allt bendir þetta í sömu átt, að þessir tveir hlutar hafi haft mismunandi notkun, a.m.k. á seinni byggingarskeiðum. Eftir að austurhluti hússins hafði fyllst af móösku var því skipt upp í þrjú hólf með því að setja inn í það tvö pör af grjóthlöðnum ferhyrningum. Notkun þessara hólfra er óviss. Eins og fyrr segir voru gólflög óveruleg eða engin í húsinu. Þetta, ásamt þeirri staðreynd að það er niðurgrafið og ekkert eldstæði fannst, styður þá kenningu að það sé kjallari eða undirstaða húss sem ekkert er nú eftir af. Merki um notkun hveragufu eða heits vatns í húsinu þarfnast frekari rannsóknar.

Ljóst er að veggir hússins hafa verið byggðir ofan á jarðgöngin sem liggja frá Snorralaus. Hins vegar voru engin merki um að jarðgöngin lægju undir niðurgrefti hússins. Ekki var unnt að segja til um það með neinni vissu hverju jarðgöngin hafa tengst á þessum stað, en það er vissulega möguleiki að þau hafi tengst upprunalegum niðurgrefti mannvirkis 10. Ystu mörk aldursgreininga á viðarsýnum úr neðstu upp í efstu lög hússins falla á bilið frá 10.-17. aldar, sem er mjög vítt. Sýnin sem aldursgreind voru eru úr fyllingarlögum.

Norðan við þessar minjar er mannvirki 12 og aðrar mannvistarleifar sem ekki er komin full mynd á ennþá. Um er að ræða gólflög og veggjaleifar, og er ljóst af jarðlagaskipan að þessar leifar eru eldri en bæði mannvirki 10/11 og 12. Þessa niðurstöðu styður fundur útskorins trégrips í þessum lögum, en af útskurðinum hefur



Mynd 11: Teiknaðir munir.
 Fig. 11: Drawn Objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh.



Mynd 12: Teiknaðir munir.
 Fig. 12: Drawn Objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh.

hann verið tímasettur til 10. eða 11. aldar. Framhald mannvirkis 12 til norðurs hefur ekki skýrt ennþá þar sem uppgröftur á svæðinu sem opnað var í sumar er ekki kominn nægilega langt ennþá.

Í vesturjaðri nýja uppgraftarsvæðisins, svæðis IX, fannst framhald ganga gangabæjarins frá 17.-19. öld. Í þeim fundust tvö þrep og þau ná svo til út í enda uppgraftarsvæðisins eins og það er núna, en hefur verið raskað af seinni tíma pípu-lögn alveg nyrst. Alls hafa nú um 22 m af lengd þessara ganga fundist og er talið að þau hafi ekki verið mikið lengri í sinni upprunalegu mynd.

Að öðru leyti voru heillegustu minjarnar á þessu nýja svæði búr sem lá í vesturhluta þess. Mátti merkja það af því að í því fundust sáför, alls 11 að tölu, sem voru þó ekki öll samtíma. Búrið er eldra en göng gangabæjarins og hefur greinilega tilheyrt fyrri byggingarskeiðum á staðnum. Vestasta sáfarið lá undir vegg ganganna. Grafið var misdjúpt fyrir sáunum, yfirleitt stærri hola en tunnurnar voru, og fyllt upp í með mól utanum þær, líklega til einangrunar og varnar gegn rotnun. Aðeins fundust viðarleifar í einu sáfari, en þar voru allir stafir heilir og megnið af botnum. Viðarsýni úr þessari tunnu hefur verið sent í greiningu.

Ofan á búrinu var gólflag (CL448) sem tilheyrir húsi í gangabænum sem stóð síðast á þessum stað. Af samsetningu þess má hugsa sér að þar hafi verið eldhús. Mikil móöskulög og brunaleifar voru í sjálfu búrinu, og komu sáförin í ljós í þessum lögum á mismunandi dýpi. Virðist helst sem húsið hafi verið notað sem eldhús, annars vegar eftir að hætt var að nota það sem búr, hins vegar á sama tíma og vesturhluti þess var notaður sem búr. Af sáförunum má greina a.m.k. fjögur byggingarstig í húsinu. Yngstir eru sáirnir 3 sem eru vestast í því. Á sama skeiði voru mikil brunalög í austurhluta hússins. Næsta skeiði tilheyrir sáför 558 og 532 (sem verður 600), sem eru við norðurvegg og í suðausturhorni hússins. Þá koma sáför 557 og 559, og elst eru 568, 578, 600, 602 og 606, þó að þau síðastnefndu gætu allt eins hafa tilheyrt næstelsta skeiðinu. Þetta bendir til þess að 3-4 sáir hafi verið í notkun samtímis á hverju byggingarskeiði.

Norðan við búrið var torfveggur sem tilheyrir því en náði auk þess alveg út í austurbrún uppgraftarsvæðisins. Sunnan þess var einnig torfveggur (CL541) sem tilheyrir því og þar fyrir


sunnan brotakenndar byggingarleifar, gólf og veggjabrot, sem erfitt er að ráða í. Austast á svæðinu gengur heilleg stétt með torfvegg norðan við út úr sniðinu og í vestur. Gæti þetta verið inngangur inn í hús, en þessar leifar eru enn óljósar. Norðan og vestan við þessa stétt eru leifar eftir eldri stétt.

Engir munir fundust á þessu svæði sem unnt er að nota til nákvæmrar tímasetningar. Verður þar að styðjast við jarðlagaskipan (stratigrafíu) og innbyrðis afstöðu jarðlaga. Tímasetning þessara minja mun þó væntanlega skýrast, þegar uppgrefti verður haldið áfram og tengsl þeirra við minjar á svæðinu sunnan við, svæði IV, verða ljósari.

Ruslahaugurinn vestan við skólahúsið reyndist vera frá seinni skeiðum byggðar á staðnum. Ekki var þó farið niður á botn hans og má því enn leita eldri laga á þeim stað.

9. Framtíðarrannsóknir

Markmiði rannsóknaráfangans 2000 var ágætlega náð nú í sumar. Uppgrefti syðst á svæðinu er nú að mestu lokið, nema hvað eftir er uppgröftur jarðganga á rúmlega 1 m bili. Þá liggur fyrir að rannsaka frekar hvað veldur ljóstri útfellingu innan í mannvirki 10/11, sem talin var vera hveraútfelling. Greining á sýni úr þessari útfellingu studdi ekki þá tillögu, en áformað er að fá jarðfræðing til aðstoðar við að rannsaka þetta nánar næsta sumar. Einnig væri áhugavert að skoða betur jarðlög austan við mannvirki 11, til þess að reyna að varpa frekara ljósi á það hvernig húsið er gert og hvernig niðurgreftinum, sem fram kom við innganginn, er háttað á þessum stað. Þarna er ekki langt í steiptan grunn fjóss og hlöðu sem stóðu rétt austan við uppgraftarsvæðið langt fram á 20. öld. Prufugröftur undir þessum grunni sýndi að hann er ekki grafinn niður úr öllum mannvistarlögum þar sem fjósið var. Hlaðan mun hins vegar vera grafin dýpra og er líklegt að engar mannvistarleifar séu eftir óskemmdar þar sem hún stóð. Æskilegt væri að brjóta meira upp af grunni fjóssins í norður og austur frá því sem brotið var upp í sumar og komast fyrir endann á þeim mannvistarleifum sem hverfa undir hann á svæði IV. Þá væri æskilegt að kanna svæðið austan við grunn fjóss og hlöðu til þess að freista þess að varpa frekara ljósi á tengingu gufustokksins, sem fannst við lagningu skólpræsis



Mynd 13: Teiknaðir munir.
Fig. 13: Drawn Objects. Drawings: Eavan O'Dochartaigh.

árið 1984, við bæjarstæðið. Nú þegar eru nokkrar vísbendingar um notkun hverahita á bæjarstæðinu, annars vegar í mannvirki 10/11 eins og frá greinir í þessari skýrslu, hins vegar norðar á svæðinu þar sem í fyrra fundust nokkrir steinar sem á var hverahrúður¹⁴. Á sömu slóðum, en aðeins austar, fundust við norðvesturhorn hlöðunnar sem hér var byggð árið 1929, leifar eftir rennu sem hafði stefnuna suðvestur-norðaustur, samkvæmt lýsingu séra Einars Pálssonar í bréfi til þjóðminjavarðar¹⁵. Með bréfinu sendi hann einn stein úr rennunni, um 44 cm langan hverastein (Þjms. 10584) sem hefur 15 cm breiða rauf eftir endilöngu. Taldi séra Einar líklegast að þetta hafi verið gufuleiðsla frá Skriflu og þannig er steinninn skráður í aðfangabók¹⁶. Nauðsynlegt er að kanna þetta nánar.

Á svæði IX á eftir að grafa u.þ.b. einn metra í viðbót þar til komið er niður á sama uppgrafterplan og á svæði IV. Mannvistarleifar á svæði IV munu ekki skýrast fyrr en því er náð. Framhald þeirra mun vera að finna syðst á svæði IX, en í búrinu hafa sáir verið grafnir niður í óhreyft og á þar vart mikið eftir að rannsaka af mannvistarleifum. Þá á eftir að rannsaka hvað leifa er að finna austast á svæðinu, undir stéttinni og torfveggnum sem þar eru.

